

**SKOÐUN** Ólafur G. Skúlason vill langtímastefnumótun í heilbrigðismálum. 12



**LÍFIÐ** Steve Hackett úr Genesis heimsótti allsherjargoðann. 26



**SPORT** Íslenskir þjálfarar mætast í stórveldaslag á HM í Katar í kvöld. 22







# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
20. janúar 2015
16. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Vilja komast hjá kæru

Oddviti Ásahrepps vonast til að komast hjá því að kæra mál Björgvins G. Sigurðssonar til lögreglu. 2

**Land tapast daglega** Landgræðslan getur ekki sinnt nema fáum beiðnum um varnir gegn landbroti á hverju ári vegna fjármagnsskorts. 4

**Dýralæknaþjónusta óviðunandi** Kúabændur í Þingeyjarsýslum eru ósáttir við að enginn dýralæknir sé með þjónustusamning við Matvælastofnun. 6

**Eitt prósent á helminginn** Vakin er athygli á hraðvaxandi misskiptingu auðs í heiminum á Davos-ráðstefnunni. 8




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | SA | 6 |
| Akureyri | -2° | SA | 5 |
| Egilsstaðir | 2° | SA | 8 |
| Kirkjubæjarkl. | 0° | SA | 5 |
| Reykjavík | 0° | SA | 6 |

**HÆGARI VINDUR** Í dag verða víðast suðaustan 5-10 m/s og skúrir eða slydduél S- og SA-til. Kólnandi veður til morguns. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Bílaþvottur & bón | Fólk






**HÁLKA OG HVASST** Rok og rigning var á höfuðborgarsvæðinu í gær og víða flughált. Ljósmyndari Fréttablaðsins myndaði tvær konur á gangi við Höfðatorg þar sem miklar vindhviður gera gangandi vegfarendum lífið oft leitt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fylgdu ekki ábendingum um innkaup

Engri af ábendingum innri endurskoðanda árið 2010 um innkaupaskrifstofu Reykjavíkur hefur verið nægilega fylgt. Áfellisdómur, segja sjálfstæðismenn. Bætum það sem þarf að bæta, segir formaður borgarráðs.

**REYKJAVÍKURBORG** „Skemmst er frá því að segja að engar ábendingar í skýrslu Innri endurskoðunar frá árinu 2010 hafa fengið fullnægjandi úrbætur og umbótaverkefni hafa einungis að litlu leyti verið unnin,“ segir í úttekt Halls Símonarsonar, innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar.

Innri endurskoðun gerði vorið 2010 úttekt á innra eftirliti hjá innkaupaskrifstofu borgarinnar. Meðal 12 meginatriða sem sagt var að þyrfti að bæta var gegnsæi í innkaupastefnu, mæling á árangri, fagleg vinna, skráning upplýsinga og skilgreining ábyrgðar þeirra sem koma að innkaupum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks segja úttekt innri endurskoðanda nú um það hvernig ábendingunum frá 2010 hafi verið fylgt eftir vera mikinn áfellisdóm yfir því hvernig staðið sé að innkaupum á vegum borgarinnar. Þrátt fyrir fjölmörg varnaðarorð og ábendingar frá innri endurskoðanda um það hvernig bæta megi innkaupaferlið sé nú „ljóst að ekkert hefur verið gert með þessa mikilvægu vinnu“, eins og segir í bókun þeirra.

S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs úr Bjartri framtíð, segir að eftir að nýr meirihluti tók við í borgarstjórn 2010 hafi innkaupareglur verið endurskoðaðar.

„Gagnrýnin beinist fyrst og fremst að því að of lítill hluti af almennum vörukaupum fari í útboðsferli eða í gegnum rammasamninga. Það hefur hins vegar verið að aukast, var sagt 14 prósent í skýrslunni en er komið í 25 prósent núna,“ segir Björn.



> Þetta er ekki áfellisdómur yfir innkaupum borgarinnar en það er hins vegar ekki nægilega gott að það sé ekki brugðist með nægilega ákveðnum hætti við ábendingum.
>
> *S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs.*

Þá segir Björn innri endurskoðun telja heppilegra að auka miðstýringu í innkaupum. Starfsstöðvar borgarinnar séu um 500 og aðilar sem hafi heimild til innkaupa séu um eitt þúsund. „Það má alveg fallast á að það sé of mikið,“ segir Björn sem kveður sjálfstæðismenn hins vegar oftúlka úttektina. „Þetta er ekki áfellisdómur yfir innkaupum borgarinnar en það er hins vegar ekki nægilega gott að það sé ekki brugðist með nægilega ákveðnum hætti við ábendingum sem koma fram í skýrslunni 2010.“

Borgarráð beindi því til fjármálaskrifstofu að fara ítarlega yfir ábendingar innri endurskoðunar. „Við reynum að bæta úr því sem bæta þarf,“ segir S. Björn Blöndal. - gar






Beiðnum til lögreglu um að leita týndra barna hefur fækkað undanfarin ár:

# Leitarbeiðnum hefur fækkað

**SAMFÉLAGSMÁL** Tilfellum þar sem óskað er leitar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LRH) að börnum á aldrinum ellefu til sautján ára hefur fækkað umtalsvert frá árinu 2010. Þá voru tilfellin 219 en voru 131 á árinu sem leið. Þetta kemur fram í svari LRH við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Í upplýsingunum kemur einnig fram að fækkunina megi að mestu leyti rekja til þess að leitað hefur verið að færri piltum. Kynjahlutfallið hefur jafnast út. Meðalaldur pilta sem leitað er að hefur farið lækkandi á meðan meðalaldur stúlkna hefur hækkað. Á árum áður var þessu þveröfugt farið.

Á síðustu sjö árum voru skráð 1.238 tilfelli þar sem óskað var eftir því að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitaði að börnum á aldrinum ellefu til sautján ára.



BRAGI GUÐBRANDSSON

Þessar tölur ná aðeins til höfuðborgarsvæðisins og sýna aðeins leitarbeiðnirnar. Að baki hverri beiðni geta verið fleiri en einn einstaklingur og stundum er leitað oft að sama einstaklingi yfir árið.

„Við reynum að skrá allar okkar ársskýrslur og tölfræði mjög nákvæmlega til að sjá hvort það sé einhver þróun í gangi,“ segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu. Hann segir að þrátt fyrir það sé ekki hægt að rekja þessar breytingar til neinna ákveðinna þátta.

„Þetta eru einfaldlega hlutir sem rokka eilítið á milli ára og erfitt að sjá nokkurt mynstur út úr því,“ segir Bragi. - jóe

**→ Leit/eftirgrennslan LRH að ungmennum árin 2008-2014**







# HVAR LIGGJA ÞÍNAR RÆTUR?

*Við eigum rætur að rekja til íslenskrar sveitar, uxum úr grasi í íslenskri mold, vökvuð íslensku vatni.*

*Við erum íslensk náttúruafurð. Íslenskt salat er bragðgott, hollt og ferskt og þú veist hvaðan það kemur.*




***Hveratún í Laugarási***

*Garðyrkjubændurnir Magnús og Sigurlaug leggja rækt við að færa þér ferskt salat í handhægum umbúðum. Þau bjóða þér upp á gómsætt úrval af salati. Taktu eftir miðanum næst þegar þú verslar.*

***Veldu íslenskt salat – ekki bara eitthvað bland í poka.***

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

islenskt.is

## SVONA ERUM VIÐ




**41.333** tonn fluttu Íslendingar út af söltuðum þorskafurðum árið 2001

En aðeins 28.616 tonn árið 2013.

*Heimild: Hagstofan.is*

Engra tekna getið í ársreikningum félaga sem önnuðust styrktarfé Wikileaks:

# Ekki vitað hvað varð um styrki

**DÓMSMÁL** Engra tekna er getið í ársreikningum félaga sem önnuðust söfnun styrktarfjár fyrir uppljóstrunarsíðuna Wikileaks en þessi félög hafa gert milljarða króna skaðabótakröfu á hendur VISA á Íslandi vegna lokunar á greiðslugátt. Ekki liggur fyrir hvað varð um styrkina.



**SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON**

Fyrirtækin Datacell og Sunshine Press Productions (SPP) hafa krafist þess að Valitor verði tekið til gjaldþrotaskipta vegna 10,3 milljarða króna skaðabótakröfu.

Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður Valitors, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 það sæta undrum að fyrirtæki sem hefðu engar tekjur gætu gert skaðabótakröfur sem hlypu á milljörðum króna. „Það er mjög merkilegt að félög sem hafa aldrei haft neinar tekjur, jafnvel ekki þegar gáttirnar voru opnar, hafi orðið fyrir tjóni sem nemur milljörðum,“ sagði Sigurður.

Séu ársreikningar Datacell skoðaðir sést að fyrirtækið hafði engar tekjur árið 2011 til 2013. Síðasti birti ársreikningur SPP, sem er sagt annast rekstur Wikileaks, var frá árinu 2011 en þar er heldur engum tekjum til að dreifa. Andreas Fink, eigandi Datacell, sagði við Stöð 2 að styrktarfé hefði runnið til SPP. Hann sagðist ekki vita hvers vegna ekki væru tilgreindar tekjur í ársreikningnum. **- þþ**

Nudd á loðnumiðunum:

# Veiðin glæðist og sílið stærra

**SJÁVARÚTVEGUR** Rólegt hefur verið á loðnuveiðum frá því eftir áramót. Þó glæddist yfir veiðum um helgina, að sögn Arnþórs Hjörleifssonar, skipstjóra Lundeyjar NS, skips HB Granda.

Lundey kom til hafnar á Vopnafirði um miðjan dag í gær með um þúsund tonn. Að sögn Arnþórs er stærðin á loðnunni góð og lítið í henni af átu.

Loðnusjómenn voru í gær að búa sig undir að veður færi versnandi á miðunum. **- shá**



**ÞÓRUNN EGILSDÓTTIR** Hefur verið alþingismaður frá 2013 fyrir Norðausturkjördæmi.

Þórunn í tímabundnu starfi:

# Formaður þingflokksins

**STJÓRNMÁL** Þórunn Egilsdóttir alþingismaður er nýr þingflokksformaður Framsóknarmanna. Þetta var ákveðið á fundi þingflokksins í gær. Aðrir í stjórn þingflokksins eru Ásmundur Einar Daðason varaformaður og Willum Þór Þórsson meðstjórnandi. Um tímabundna skipun er að ræða en Ásmundur Einar mun svo taka við formennsku í sumar.

Vigdís Hauksdóttir tekur sæti Sigrúnar Magnúsdóttur í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Elsa Lára Arnardóttir tekur sæti Þórunnar Egilsdóttur í velferðarnefnd. **- ktd**

Prestur í sviðsljósinu:

# Efast um upprisu holdsins

**DANMÖRK** Sóknarprestur í Kaupmannahöfn getur misst brauð sitt standi hann við þau ummæli sín að erfitt sé að trúa að Jesús hafi risið upp frá dauðum. Það er mat nokkurra stjórnmálamanna að efist presturinn um upprisu holdsins geti hann ekki verið prestur.

Lektor í guðfræði við háskólann í Árósum segir þetta ekki mál stjórnmálamanna, heldur biskups. Samkvæmt frásögn danskra fjölmiðla hefur presturinn nú verið kallaður til fundar við biskupinn í Kaupmannahöfn. **- ibs**

# Land tapast daglega því fjármagn skortir

Landgræðslan getur ekki sinnt nema fáum beiðnum um varnir gegn landbroti á hverju ári. Fjármagn til málaflokksins endurspeglar engan veginn þörfina. Biðlisti yfir aðkallandi framkvæmdir allt í kringum landið lengist ár frá ári.

**UMHVERFISMÁL** Landgræðslan getur aðeins orðið við litlum hluta þeirra beiðna sem berast árlega um varnaraðgerðir gegn landbroti. Þrátt fyrir aðkallandi verkefni víða um land hafa fjárheimildir undanfarinna ára hvergi nærri endurspeglað þörfina.

„Menn eru að missa land í árnar á hverjum degi, allt í kringum landið,“ segir Sigurjón Einarsson, verkefnisstjóri hjá Landgræðslunni, sem segir jafnframt að það hafi ekki verið kortlagt nákvæmlega hversu mikil þörfin á vörnum gegn landbroti sé í raun. Hins vegar sé til allra þeirra verkefna sem um ræðir aðeins veitt um 50 milljónum á ári. „Það eru því ekki margar og stórar framkvæmdir sem við höfum ráð á að fara í á hverju ári. Við forgangsröðum verkefnum eftir þörfum,“ segir Sigurjón en áhersla á varnaraðgerðir er þar sem ræktuðu landi, byggingum eða öðrum mannvirkjum stafar hætta af ágangi vatna.

Umsóknir sem berast Landgræðslunni eru allt að 80 talsins ár hvert. Mögulegt hefur verið að sinna 25 til 40 verkefnum. „Svo koma ár þar sem bara er sinnt stórum viðhaldsverkefnum á varnargörðum, eins og í kjölfar náttúruhamfara. Svo biðlistinn hjá okkur er alllangur,“ segir Sigurjón og bætir við að töluverð orka fari í að viðhalda varnargörðum frá fyrri tíð. „Það er alltaf stærri og stærri hluti af fjármagninu sem fer í þetta viðhald. En það má segja að verkefnin séu endalaus og víða. Mörg bíða og fá ekki afgreiðslu þótt þau sannarlega krefjist þess að brugðist sé við,“ segir Sigurjón.

Í nýlegri greinargerð starfshóps umhverfisráðherra um tillögur að inntaki nýrra laga um landgræðslu kemur fram að landbrot af völdum fallvatna er viðvarandi vandamál í fjölmörgum ám landsins. Í ljósi þess að landbrot er verulegt hér á landi, og á það bæði við um ræktað land og annað gróið land, leggur nefndin það til að lög um varnir gegn landbroti verði endurskoðuð og felld inn í ný lög um landgræðslu.

svavar@frettabladid.is



**MÚLAÁ Í SKRIÐDAL** Ræktað land er oft af skornum skammti og landbrot því tilfinnanlegur skaði. MYND/SE

### ➜ Lögboðin skylda en fjármagn fylgir ekki

- Landgræðsla ríkisins hefur það hlutverk skv. lögum að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón á landi, landkostum eða mannvirkjum með vörnum gegn landbroti af völdum fallvatna.
- Landgræðslan starfar náið með Vegagerðinni um framkvæmd varna gegn landbroti. Ef varnaraðgerðum er ætlað að verja bæði gróðurlendi og samgöngumannvirki hafa þessar stofnanir skipt með sér kostnaði.
- Vegagerðin annast og hefur umsjón með varnaraðgerðum vegna vega, brúa og annarra samgöngumannvirkja á landi.
- Þar sem vandasamar eða umfangsmiklar fyrirhleðsluframkvæmdir eru fyrirhugaðar á vegum Landgræðslunnar, annast Vegagerðin verkfræðilegan undirbúning, útboð og eftirlit með þeim.
- Siglingastofnun annast gerð varnargarða gegn ágangi sjávar.



**„Menn eru að missa land í árnar á hverjum degi, allt í kringum landið.**

*Sigurjón Einarsson, verkefnisstjóri*



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**KONA Í DONETSK** Aðskilnaðarsinnar segjast hafa náð flugvellinum á sitt vald.

Náðu flugvelli á sitt vald:

# Hart barist síðustu daga

**ÚKRAÍNA** Aðskilnaðarsinnar í austanverðri Úkraínu sögðust í gær vera búnir að ná flugvellinum í Donetsk aftur á sitt vald. Harðir bardagar hafa geisað síðustu daga. Sameinuðu þjóðirnar telja að meira en 4.700 manns hafi látist í átökunum í austanverðri Úkraínu frá því í apríl síðastliðnum. Bardagar hafa haldið áfram þrátt fyrir samning um vopnahlé sem samþykktur var í september. Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins ræddu ástandið í Úkraínu á fundi sínum í Brussel í gær og ákváðu að refsiaðgerðum yrði ekki aflétt í bráð gegn Rússlandi, vegna stuðnings Rússa við aðskilnaðarsinna. **- gb**

Finnskur þingmaður:

# Sagði sumarfrí vera vinnuferð

**FINNLAND** Þegar finnski Evrópuþingmaðurinn Paavo Väyrynen fór í sumarleyfi til Kenía árið 2006 fékk hann Evrópuþingið til þess að greiða ferðina á þeim forsendum að um vinnuferð væri að ræða. Fyrrverandi sendiherra Finnlands í Kenía, Matti Kääriänien, greinir frá þessu í endurminningum sínum.

Sendiherrann segir þingmanninn hafa beðið sig um að koma því til leiðar að hann fengi formlegt boð frá yfirvöldum í Kenía. Hann ráðfærði sig við utanríkisráðuneytið sem hvatti hann til að verða við beiðni þingmannsins. **- ibs**





Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyrnarstodin.is HEYRNARSTÖÐIN

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 12° | Friedrichshafen | 4° | New York | 3° |
| Aþena | 16° | Gautaborg | 2° | Orlando | 22° |
| Basel | 6° | Kaupmannahöfn | 2° | Ósló | 1° |
| Berlín | 2° | Las Palmas | 19° | París | 2° |
| Billund | 1° | London | 4° | San Francisco | 14° |
| Frankfurt | 2° | Mallorca | 12° | Stokkhólmur | 0° |




**KÓLNAR TIL MORGUNS** Víðast fremur hægur vindur á landinu í dag og skúrir eða slydduél sunnan og suðaustan til. Hæg breytileg átt og léttskýjað á morgun með heldur kólnandi veðri en hlánar aftur um tíma á láglendi á fimmtudag.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



heimkaup.is
PS4
The last of us tölvuleikur
40% afsláttur
3.991,-
MAX
Me mini naglalakk
41% afsláttur
490,-
55% afsláttur
2.390,-
Turtles Catapult pizzaspil
75% afsláttur
1.748,-
Magnum Opus Pre-Workout
50% afsláttur
1.749,-
Pottþétt 63 tveir diskar
SONY
52% afsláttur
46.990,-
Heimabíó Soundbar. Þráðlaus bassi
RISA ÚTSALA
Nú er allt á afslætti!
Á síðustu útsölu
varð allt vitlaust...
ekki missa af þessu.
Enn meiri afsláttur
Allt á afslætti
70% afsláttur
41% afsláttur
3.990,-
LEGO WEAR regnjakki
50% afsláttur
1.995,-
Vandað taflborð og menn úr viði
AUDIOBOX
75% afsláttur
1.790,-
AudioBox A300-U 2.2 hátalarar
40% afsláttur
3.594,-
Jógadýna
Russell Hobbs
40% afsláttur
11.394,-
Russell Hobbs Illumina kaffivél
40% afsláttur
77.994,-
Fujitsu Lifebook A544 i5
Disney
52% afsláttur
1.190,-
Prinsessu vekjaraklukka
53% afsláttur
4.490,-
Sex Diamond rauðvínsglös í pakka.
Nýtt kortatímabil
LEGO
40% afsláttur
990,-
Lego vatnsbrúsi
50% afsláttur
1.490,-
Þrívíddarmynd í ramma
24% afsláttur
12.990,-
JXD leikjaspjaldtölva
REMINGTON
41% afsláttur
12.990,-
HyperFlex Pro rotary shaver
56% afsláttur
999,-
Pétur Kanína púsluspil
SKLZ
44% afsláttur
4.990,-
SKLZ nuddrúlla svört 40 cm
50% afsláttur
2.645,-
Náðarstund eftir Agnes Magnúsdóttir
80% afsláttur
990,-
Hulstur fyrir iPhone 5/5s
Með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.
Meirihluti Íslendinga verslar á netinu! Komdu í hóp tugþúsunda ánægðra viðskiptavina Heimkaup.is
Öryggi - ekkert mál að skila eða skipta
Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.
Hægt að greiða við afhendingu
Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.
Frí heimsending samdægurs
Pantaðu fyrir kl. 17:00 og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantað er fyrir 4.000.- eða meira.
Heimkaup.is
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700
HEIMKAUP

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Innan hve langs tíma á að leggja af básahald nautgripa?
**2.** Hvað er kvenfélagið Hringurinn gamalt?
**3.** Hvaða nafn var vinsælasta annað nafn sem stúlkum var gefið 2013?

**SVÖR:**
**1.** Innan 20 ára. **2.** 111 ára. **3.** María.

Einn slasaðist og var fluttur með sjúkraþyrlu til Reykjavíkur eftir snjóflóð í hlíðum Eyrarfjalls á Ísafirði:

# Tveir skíðamenn komu af stað snjóflóði

**FLÓÐ** Skíðamenn komu af stað flóði í hlíðum Eyrarfjalls fyrir ofan Urðarveg á Ísafirði á sunnudag. Flóðið var 75 metra breitt og fallhæðin nálægt 350 metrum. Skíðamennirnir voru á leið upp fjallið þegar flóðið brast á. Annar þeirra barst með flóðinu en hinn náði að skíða út úr því. Sá sem varð fyrir flóðinu slasaðist töluvert enda barst hann með því nokkur hundruð metra. Hann var fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur á sunnudagskvöld með höfuðáverka og handleggsbrotinn en hinn skíðamaðurinn slapp ómeiddur.

„Það var búið að vera vont veður á fimmtudag og föstudag. Það var töluverður snjór sem hafði safnast fyrir og mörg flóð sem fóru þá. Það var mjög gott veður um helgina en það sem gerist stundum eftir svona hret er að það loðir veikleiki áfram í snjónum. Þá er ekki mikil hætta af náttúrulegum orsökum en ferðamenn geta komið af stað flóðum,“ segir Harpa Grímsdóttir, forstöðumaður Snjóflóðasetursins. Flóðið sem féll var af stærðinni 2,5 af 5 en flóð sem er af stærð 2 eða meira getur grafið mann og verið hættulegt fólki.

Í gær hlýnaði á svæðinu og einhver flóð féllu en ekki er talin sérstök hætta í byggð. **- vh**



**SNJÓFLÓÐ** Flóðið í hlíðum Eyrarfjalls á Ísafirði á sunnudag var 75 metra breitt og fallhæðin nálægt 350 metrum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# Dýralæknaþjónusta talin óviðunandi

Kúabændur í Þingeyjarsýslum eru ósáttir við stöðu dýralæknaþjónustu. Enginn dýralæknir sé með þjónustusamning við Matvælastofnun og dýralækni í órafjarlægð er skylt að taka bakvaktir. „Óviðunandi ástand,“ segir kúabóndi á svæðinu.

**LANDBÚNAÐUR** Bændum í Þingeyjarsýslum finnst þjónusta Matvælastofnunar ófullnægjandi þegar kemur að dýralæknaþjónustu í sýslunum. Enginn starfandi dýralæknir er á svæðinu á dagvinnutíma en þrír dýralæknar skipta með sér bakvöktum um nætur og um helgar.

Dýralæknir á Vopnafirði sinnir flestum bakvaktanna og á hann að sinna bráðaþjónustu í Þingeyjarsýslum. Þetta finnst bændum á svæðinu óviðunandi og telja þeir fráleitt að dýralæknir í órafjarlægð geti sinnt þeirri þjónustu þar sem veður getur auðveldlega spillt færð.

Þjónustusamningar Matvælastofnunar við dýralækna á landsbyggðinni runnu út í lok október síðastliðins. Vignir Sigurólason, dýralæknir á Húsavík, var með þjónustusamning við stofnunina og sinnti hann þessum tilvikum allan sólarhringinn alla daga ársins.

Vignir sótti um áframhaldandi samstarf við Matvælastofnun þegar samningurinn rann út en var aðeins boðinn helmingurinn af þeirri fjárhæð sem hann hafði fengið fyrir verkið áður. Þetta fannst Vigni ekki nægilega gott tilboð og hafnaði hann því boði Matvælastofnunar. Frá þeim tíma hefur enginn dýralæknir tekið að sér að sinna þessari þjónustu og hefur Matvælastofnun ítrekað óskað eftir að dýralæknir tæki þetta að sér en án árangurs.

Vignir segir ástandið ekki gott. Enginn þjónustusamningur sé í gildi í Þingeyjarsýslum sem bitni á þjónustu við bændur í sýslunum.



**SLÆM ÞJÓNUSTA** Matvælastofnun hefur ekki gildan þjónustusamning við dýralækni til að sinna þjónustu í Þingeyjarsýslum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mikilvægt sé að þessi mál leysist sem fyrst svo bændur á svæðinu fái þá þjónustu sem þeir eiga að fá samkvæmt lögum.

Hermann Aðalsteinsson, kúabóndi á Lyngbrekku í Reykjadal, segir þungt hljóð í bændum á svæðinu. „Það er alveg ljóst að dýralæknir á Vopnafirði mun ekki sinna bráðaþjónustu fyrir kúabændur í Þingeyjarsýslum öllum. Íslensk veðrátta auk vegalengdarinnar er þess eðlis að það muni ekki ganga upp,“ segir Hermann. „Það er slæmt hljóð í okkur kúabændum, þetta er algjörlega óviðunandi ástand að búa við.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er verið að vinna að lausn að því leyti að minnka þjónustusvæðin svo hægt sé að sinna þjónustu við bændur. Á meðan er enginn dýralæknir á dagvakt í Þingeyjarsýslum með þjónustusamning við Matvælastofnun.



> **Það er slæmt hljóð í okkur kúabændum, þetta er algjörlega óviðunandi ástand að búa við.**
>
> *Hermann Aðalsteinsson, kúabóndi.*

**sveinn@frettabladid.is**

Bannsvæði á hálendinu við Holuhraun eitt víðtækasta ferðabann hérlendis:

# Vill hleypa fólki nær eldgosinu

**ELDGOS** Oddviti Skútustaðahrepps hvetur til þess að almenningi verði leyft að komast nær gosstöðvunum í Holuhrauni með því að fara leið um Ódáðahraun. Sú leið sé utan flóðahættu og hana megi skjótast á vélsleðum á tveimur klukkustundum úr Mývatnssveit.

Eldgosið í Holuhrauni er sérstakt að því leyti að almenningi hefur allan tímann verið bannað að nálgast gosstöðvarnar, aðeins vísindaog fjölmiðlamönnum hefur verið leyft að fara á svæðið.

Oddviti Skútustaðahrepps, Yngvi Ragnar Kristjánsson, sem jafnframt er hótelhaldari í Mývatnssveit, hvetur til þess að skoðað verði hvort slaka megi á banninu en tekur jafnframt fram að hann vilji að öryggis verði gætt umfram allt annað.

Raunar má telja bannsvæði almannavarna eitt víðtækasta ferðabann sem sett hefur verið á hérlendis en stór hluti hálendisins hefur verið bannsvæði undanfarna fimm mánuði.

Yngvi Ragnar segist finna fyrir gríðarlegum áhuga hjá fólki að komast á svæðið á vélsleðum og breyttum jeppum. Hann vill að skoðað verði hvort þessa leið megi opna, bæði sem viðbótarflóttaleið en einnig til takmarkaðra nota fyrir ferðaþjónustu fyrst um sinn, en hvetur jafnframt til að hún verði lagfærð og gerð greiðfærari vegna framtíðarumferðar inn á svæðið. **- kmu**



**HOLUHRAUN** Oddviti Skútustaðahrepps vill að almenningur fái að fara nær gosstöðvunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




SUZUKI Way of Life!

# Lækkað verð

**Suzuki bílar hf. hafa lækkað verð á öllum nýjum bílum.**
**Komdu og reynsluaktu nýjan hágæða Suzuki 4x4.**

EURO NCAP FOR SAFER CARS www.euroncap.com ★★★★★



**SUZUKI SWIFT 4x4**
**Stór, rúmgóður með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.**
Swift 4x4 er til beinskiptur í GL og GLX gerðum.
Verð frá 3.020 þús. Meðaleyðsla 5.5L/100 km

ALLGRIP



***S-CROSS:* Nýstárleg hönnun með sérlega rúmgott farþega- og farangursrými. Sparneytnar vélar, akstursеiginleikar í sérflokki auk ríkulegs staðalbúnaðar.**
***S-CROSS* er einstakur í sínum flokki!**
VERÐ: fjórhjóladrifinn frá kr. 4.410 þús.
Meðaleyðsla í blönduðum akstri frá 4,6 L/100 km.

FULL FRAME 4x4



**SUZUKI GRAND VITARA**
**Táknmynd áreiðanleikans!**
**Með öflugri og sparneytinni 2.4L 169 hö/vél.**
Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Skynsamleg kaup, hagkvæmur rekstur. Verð frá 5.520 þús., beinskiptur. Meðaleyðsla 8.8L/100 km

FULL FRAME 4x4



**Upplifðu einstaka akstursеiginleika Jimny.**
**Fæst beinskiptur og sjálfskiptur.**
Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur sannað sig við íslenskar aðstæður. Algjör sparibaukur.
Verð frá kr. 3.490 þús. Meðaleyðsla frá 7,1/100km, beinskiptur.



**Kizashi er fjórhjóladrifinn sjálfskiptur fólksbíll í millistærðarflokki.**
**Vandaður og með frábæra akstursеiginleika.**
**Bíll sem keppir við þá bestu!**
2,4L vél. Verð 5.690 þús. Meðaleyðsla 8,3L/100km

Hugtök Markaðsráðgjöf, jan. 2015

**SUZUKI – FYRIR SKYNSAMT FÓLK** SUZUKI **TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

Hálfs mánaðar niðurdæling á köldu vatni dugði ekki til að kæla borholu:

# Lokuðu á gufustrók úr borholu

**VIRKJANIR** Borholu á vinnusvæði Landsvirkjunar við Þeistareyki hefur verið lokað, en hún gaus óvænt háum gufustrók þann 18. desember síðastliðinn.

Um er að ræða niðurrennslisholu sem lokið var við að bora í október og hugsuð er fyrir losun á jarðhitavökva frá fyrirhugaðri jarðvarmavirkjun á Þeistareykjum.

Ástæða gufustróksins var að eftir borun hitnaði vatn sem stóð í holunni. Á ákveðnum tímapunkti virðist vatnið hafa náð suðupunkti og þrýstist þar með upp úr holunni og myndaði vatns- og gufustrók sem stóð tugi metra upp í loftið, segir á heimasíðu Landsvirkjunar.

Reynt var að kæla holuna aftur með því að dæla köldu vatni í nærliggjandi holu en hálfs mánaðar dæling hafði engin áhrif. Í síðustu viku var því ákveðið að setja loka á holuna. Helstu sérfræðingar fyrirtækisins í gufuveiturekstri nýttu kranabíl úr Kröflu til starfans og tókst með góðri samvinnu að loka holunni og er nú gufustrókurinn úr sögunni. - shá



**ORKA** Gríðarleg orka býr í jörðinni, eins og þessi mynd frá Hellisheiði sýnir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FÁTÆKT** Í skýrslunni frá Oxfam kemur í ljós að 80 prósent manna á jörðinni eiga ekki nema 5,5 prósent af heildarauð jarðarbúa. NORDICPHOTOS/AFP

# Eitt prósent á helminginn

Alþjóðlegu hjálparsamtökin Oxfam vekja athygli á hraðvaxandi misskiptingu auðs í heiminum og hvetja leiðtoga á Davos-ráðstefnunni til aðgerða gegn henni.

**SVISS** Innan tveggja ára má búast við því að ríkasta prósent jarðarbúa muni eiga meira en allir aðrir jarðarbúar samtals. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Oxfam, sem birt er rétt fyrir ársfund Alþjóðlega efnahagsþingsins í Davos í Sviss.

Nú er svo komið að eitt prósent jarðarbúa, um 70 milljónir manna, eiga 48 prósent af öllum auði þeirra sjö milljarða manna sem alls búa hér á jörðu. Þetta samsvarar nokkurn veginn því að íbúar Austur-Kongó ættu samtals nærri helminginn af öllum auði jarðarbúa.

„Viljum við virkilega búa í heimi þar sem eitt prósent okkar á meira við hin öll samanlagt?“ segir Winnie Byanyima, framkvæmdastjóri Oxfam International, í tilkynningu. „Undanfarna tólf mánuði höfum við heyrt leiðtoga heimsins, allt frá Barack Obama til Christine Lagarde, tala meira um að taka þurfi á hinni gríðarlegu misskiptingu, en við erum enn að bíða eftir því að þeir taki til hendinni.“

Í skýrslunni kemur fram að árið 2009 átti eitt prósent jarðarbúa um það bil 44 prósent af heildarauðnum, en nú er þetta hlutfall sem sagt komið upp í 48 prósent. Oxfam segir í skýrslunni að með sama áframhaldi verði hlutfallið komið yfir 50 prósent árið 2016.

Þar kemur einnig fram að 20 prósent jarðarbúa eigi 94,5 prósent allra auðæfanna, þannig að 80 prósent eiga ekki nema 5,5 prósent samtals. Að meðaltali eiga þessi 80 prósent jarðarbúa um það bil hálfa milljón króna, hver einstaklingur. Þetta er 700 sinnum minna en meðaltalseignir hvers einstaklings úr ríkasta prósentinu.

Byanyima ætlar að mæta til ráðstefnunnar í Davos í þeim tilgangi að hvetja alla þá leiðtoga viðskiptalífs og stjórnmála, sem þar koma saman, til þess að grípa til aðgerða til að snúa við þessari þróun vaxandi ójafnaðar.

Oxfam vakti athygli á Davos-ráðstefnunni í fyrra með því að skýra frá því að 85 ríkustu einstaklingar heims ættu samtals jafn miklar eignir og fátækari helmingur allra jarðarbúa samanlagt. Þessi tala er nú komin niður í 80 einstaklinga, en árið 2010 var talan 388. - gb





**WINNIE BYANYIMA** Framkvæmdastjóri Oxfam International á Davos-samkomunni í fyrra. Hún ætlar að mæta aftur í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> **Viljum við virkilega búa í heimi þar sem eitt prósent okkar á meira við hin öll samanlagt?**
> *Winnie Byanyima, framkvæmdastjóri Oxfam International*

## Milljónamæringarnir

**Í skýrslu um auðlegð jarðarbúa, sem rannsóknarstofnun svissneska bankans Credit Suisse sendi frá sér nýverið, kemur fram að flestir milljónamæringar heims búa í Bandaríkjunum eða Evrópuríkjum. Miðað er við milljón Bandaríkjadali.**

| | *Fjöldi* |
|---|---|
| **Afríka** | 144.000 |
| **Asía/Kyrrahafsríki** | 5.637.000 |
| **Kína** | 1.181.000 |
| **Evrópa** | 11.780.000 |
| **Indland** | 182.000 |
| **Rómanska Ameríka** | 605.000 |
| **Norður-Ameríka** | 15.308.000 |
| **Samtals:** | **34.837.000** |








VÍSINDI Á MANNAMÁLI

**Mæði-visnuveirur**
**í íslensku sauðfé og tengslin við alnæmi**

Vísindauppgötvanir á Íslandi tengdar veirusjúkdómum í sauðfé og mikilvægi þeirra fyrir skilning á alnæmisveirunni eru meginefni erindis sem **Halldór Þormar**, prófessor emeritus í frumulíffræði við Háskóla Íslands, flytur í **Hátíðasal Háskóla Íslands í dag, þriðjudaginn 20. janúar kl. 12.10**. Um er að ræða þriðja erindið í nýrri fyrirlestraröð á vegum Háskóla Íslands sem nefnist **Vísindi á mannamáli**.

Alnæmisveiran HIV fannst snemma á níunda áratug tuttugustu aldar í sjúklingum með forstigseinkenni alnæmis. Rannsóknir sýndu að HIV veldur sjúkdómnum og í ljós kom að veiran var svokölluð lentiveira, sú fyrsta sinnar tegundar sem fannst í mönnum. Nærri 30 árum áður höfðu veirur af þessum flokki fundist hér á landi í sauðfé við rannsóknir að Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Halldór Þormar, sem tók þátt í þessum tímamótarannsóknum, mun segja frá þeim í erindi sínu.

Halldór Þormar á að baki glæsilegan feril sem vísindamaður við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, sem prófessor í frumulíffræði við Háskóla Íslands og við rannsóknir í háskólum og rannsóknastofnunum víða um heim.

**Um fyrirlestraröðina**
Vísindi á mannamáli er ný fyrirlestraröð Háskóla Íslands sem efnt er til að frumkvæði Lífvísindaseturs og Líffræðistofu Háskóla Íslands. Markmiðið er að varpa ljósi á það hvernig vísindamenn háskólans reyna að afhjúpa leyndardóma náttúrunnar og hvaða þýðingu vísindarannsóknir hafa fyrir daglegt líf fólks.

*Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.*

Nánari upplýsingar má finna á:
**www.hi.is/visindi_a_mannamali**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 150154


5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur
LÆKKAÐ VERÐ Á ÖLLUM HYUNDAI
www.hyundai.is
ENNEMM / SÍA / NM66645
*Miðað við uppgefnar tölur framleiðenda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
i10
Hyundai i10
Verð frá 1.970.000 kr.
Eyðsla 4,7 l/100 km*
Hyundai ix35
Fjórhjóladrif / Dísil beinsk.
Verð frá 5.590.000 kr.
Eyðsla 5,7 l/100 km*
Hyundai Santa Fe
Fjórhjóladrif / Dísil sjálfsk.
Verð frá 7.050.000 kr.
Eyðsla 6,7 l/100 km*
Hyundai i30
Verð frá 2.940.000 kr.
Eyðsla 6,0 l/100 km*
Umboðsaðilar:
GE Bílar Reykjanesbæ www.bilahusid.is 420 0400
Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622
Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilaka.is 461 2533
Bílaverkstæði Austurl. Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
iB ehf. Selfossi www.ib.is 490 9090
HYUNDAI
Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200



**VON ER Á NIÐURSTÖÐU** Umboðsmaður er að ljúka skoðun á samskiptum ráðherra og lögreglustjóra.

Samskiptaskýrsla á leiðinni:

## Lokaniðurstaða er í lokavinnslu

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis lýkur á næstu dögum frumkvæðisathugun sinni á samskiptum fyrrverandi innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, og fyrrverandi lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu.

Málið hófst 30. júlí síðastliðinn þegar umboðsmaður óskaði eftir upplýsingum um samskipti ráðherrans við lögreglustjórann í tengslum við lögreglurannsókn á meðferð trúnaðarupplýsinga í innanríkisráðuneytinu. - hkh

**STRANDABYGGÐ**

### Vinatengsl við Baska

Sveitarstjórn Strandabyggðar hefur samþykkt beiðni frá San Sebastian á Spáni í gegnum Baskavinafélagið á Íslandi um að San Sebastian og Hólmavík verði vinabæir. Taka á þátt í alþjóðlegu málþingi um Spánverjavígin 1615 nú í apríl og afhjúpa á minningarskjöld á Hólmavík.

Þótt ég fari
um dimman dal
óttast ég ekkert illt
því að þú ert
hjá mér.

# Vegið að mannréttindum

**Líkur eru á að það halli á innflytjendur, segir Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar. Hún segir þörf á að gæta að mannréttindum í kjölfar voðaverka í París og að hlúa þurfi að tjáningarfrelsinu alla daga.**

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is



Voðaverkin í París geta haft áhrif á tjáningarfrelsi okkar og mannréttindi, þá er viðbúið að þau ali á ótta í garð innflytjenda. Þetta segir Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar sem heldur hádegisfund í dag í samstarfi við Siðfræðistofnun um afleiðingar voðaverkanna undir yfirskriftinni Er penninn máttugri en sverðið?

Elfa Ýr fjallar um hvaða áhrif voðaverkin í París geti haft á tjáningarfrelsi og borgaraleg réttindi á Vesturlöndum. Hún fjallar jafnframt um hvað beri að varast og leggur áherslu á að tjáningarfrelsi séu réttindi sem við höfum aflað okkur á löngum tíma og þau þurfi að verja og vernda.

„Ég minni á að tjáningarfrelsið er ekki sjálfsögð réttindi. Við höfum aflað okkur þeirra á mjög löngum tíma. Við þurfum að gæta þessa frelsis mjög markvisst, hlúa að því og viðhalda því. Nú er viðbúið að það geti orðið meira eftirlit með fólki vegna voðaverkanna og það getur varðað tjáningarfrelsi en líka önnur mannréttindi, svo sem friðhelgi einkalífsins.“ Elfa Ýr segist í því samhengi spyrja sig hvaða áhrif hræðsla vegna voðaverkanna muni hafa á Vesturlöndum.

„Voðaverkin eru framkvæmd til að vekja mikla hræðslu meðal fólks og það getur haft áhrif á það samfélag sem við búum í.“ Hún nefnir að það sé tilhneiging til þess að fjalla um tjáningarfrelsið á tyllidögum á meðan rík þörf sé til umræðu um það alla daga. Fjölmargt vegi að tjáningarfrelsinu og öðrum mannréttindum. Þá sé varhugavert að vera sinnulaus um minni mál sem geti hvert á eftir öðru breytt samfélaginu til lengri tíma. „Það eru minni hlutir að gerast í samfélaginu sem vekja ugg. Þeir varða til dæmis samþjöppun á eignarhaldi en þá stöndum við ekki upp til að verja tjáningarfrelsið. Ég held að almenningur geri sér almennt ekki grein fyrir því hversu mikilvægt það er að gæta að réttindum okkar hér á landi af því við erum svo ungt lýðræðisríki. Það er ekki þessi sama meðvitund hjá okkur og víða annars staðar í Evrópu um hvað mannréttindi eru fólki mikilvæg og að við þurfum að hlúa að þeim.

Lítil mál geta hvert á eftir öðru breytt samfélaginu til lengri tíma, án þess að það sé á einhverjum tíma staðið upp til varnar tjáningarfrelsinu. Þetta eru hlutir eins og áhrif auglýsenda á umfjöllun. Þegar upplýst er að einstaklingar eru að kaupa sig frá umfjöllun í fjölmiðlum, eða þegar ráðamenn reyna að hafa áhrif á gagnrýna umfjöllun um sig í fjölmiðlum.“

Elfa Ýr segir fá slík mál hafa komið inn á borð fjölmiðlanefndar, síðasta erindið sem nefndin fékk var vegna eignarhalds á DV.

„Við fylgjumst með. Fjölmiðlarnir bera sig illa fjárhagslega. Það er það sem maður hefur áhyggjur af. Ef fjölmiðlar eru ekki burðugir fjárhagslega, þá er hætta á að blaða- og fréttamenn missi störf sín. Við slíkar aðstæður er hætta á sjálfsritskoðun. Það eru ekki góðar aðstæður fyrir gagnrýna blaða- og fréttamennsku,“ segir Elfa Ýr.

Hún vitnar í umræðu erlendis og segir að tímabært sé að athuga hvort innflytjendur eigi sér rödd í íslenskum fjölmiðlum eins og löndunum í kringum okkur. „Bakgrunnur blaða- og fréttamanna skiptir máli. Aldur, kyn, umhverfi og aðstæður í uppvexti og hvort þeir eiga foreldra af öðrum uppruna skiptir máli fyrir fjölbreytni í fjölmiðlum. Fjölbreytni er til góðs. Þegar maður lítur til þeirrar ójöfnu stöðu sem hefur verið á milli karla og kvenna, má leiða líkur að því að ólíkir hópar eigi sér ekki allir rödd í fjölmiðlum.“ Á fundinum fjallar auk Elfu Ýrar Þórir Jónsson Hraundal um bakgrunn myndbirtingabannsins í íslam, ýmsar algengar hugmyndir Vesturlandabúa um múslima og trú þeirra og veltir upp nokkrum spurningum um mögulegar undirliggjandi ástæður voðaverkanna í París. Róbert H. Haraldsson fjallar um tjáningarfrelsið og mörk þess í heimspekilegu samhengi og rétt einstaklingsins til að hugsa frjálslega og tjá hugsanir sínar óþvingað og óttalaust.

Fundurinn verður haldinn í Odda, Háskóla Íslands, og hefst kl. 11.50.



**ÓTTINN MÓTAR SAMFÉLAGIÐ** „Voðaverkin eru framkvæmd til að vekja mikla hræðslu og það getur haft áhrif á það samfélag sem við búum í,“segir Elfa Ýr. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Fjölbreytni er til góðs. Þegar maður lítur til þeirrar ójöfnu stöðu sem hefur verið á milli karla og kvenna má leiða líkur að því að ólíkir hópar eigi sér ekki allir rödd í fjölmiðlum.**
>
> *Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar*






**SAMSTARF** Eimskip mun eiga 80 prósent í hinu nýstofnaða félagi en König & Cie. 20 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eimskip og König & Cie. með skiparekstrarfélag:

## Stofna nýtt félag um skiparekstur

**VIÐSKIPTI** Eimskip og König & Cie. Holding GmbH & Co. KG í Þýskalandi hafa stofnað félag um skiparekstur undir nafninu Eimskip & KCie. GmbH & Co. KG. Nýja félagið verður sérhæft í rekstri skipa, viðhaldi og viðskiptum með skip, segir í tilkynningu frá félaginu. Eimskip mun eiga 80% prósent í félaginu á móti 20% eignarhlut König & Cie.

Fram kemur í tilkynningunni að nýja félagið muni leggja áherslu á að ná fram sem mestum samlegðaráhrifum í rekstri skipa, þar með talið tækniþjónustu, leigu á skipum, kaupum og sölu, nýbyggingum og ýmsum öðrum verkefnum sem snúa að rekstri skipa og fjárfestingum.

Félagið mun hafa aðsetur í aðalstöðvum König & Cie. í Hamborg. Framkvæmdastjórar þess verða Ásbjörn Skúlason frá Eimskip og Jens Mahnke frá König & Cie. Holding.

„Það er ánægjulegt að geta sagt frá stofnun þessa fyrirtækis með König & Cie. og bind ég miklar vonir við samstarfið. Markmið okkar hefur í gegnum árin verið að ná fram sem mestri rekstrarhagræðingu út úr skipaflotanum og auka öryggi skipaflota Eimskips á hverjum tíma. Við teljum að með þessu samstarfi við König & Cie. muni Eimskip takast að styrkja sinn rekstur enn frekar og fá aðgang að yfirgripsmikilli alþjóðlegri þekkingu á rekstri skipa,“ segir Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips. - vh

# Langvinn streita – ógnun við heilsu

Læknafélag Íslands og Fræðslustofnun lækna standa fyrir opnu málþingi um heilsuspillandi áhrif streitu og um forvarnir miðvikudaginn 21. janúar kl. 20:00-21:30 í Norðurljósasal HÖRPU

**Fundarstjóri:** Högni Óskarsson geðlæknir.

**Þáttur streitu í þróun heilsufars og sjúkdóma**
*Unnur Valdimarsdóttir* prófessor við Háskóla Íslands og faraldursfræðingur

**Áhrif streitu á heilsu og hamingju**
*Ólafur Þór Ævarsson* geðlæknir

**Streita í fjölskyldum langveikra og fatlaðra barna**
*Gerður Aagot Árnadóttir* heilsugæslulæknir

**Vinnutengd streita - ill nauðsyn?**
**Skipuleggjum við störf fólks með röngum hætti?**
*Sturla Jóhann Hreinsson* vinnusálfræðingur, mannauðsstjóri Landsvirkjunar

**Málþingið er öllum opið og aðgangur ókeypis**

Ísland þarf að keppa við aðrar þjóðir í lífsgæðum:

# Föst í sama farinu

Vissulega er hægt að segja að nágrannalöndin séu keppinautar okkar. Þar er Íslendingum oft boðið betra líf og þægilegra en virðist mögulegt hér á landi. Það er missir að öllu góðu fólki og þegar fréttist að fólk hafi það að jafnaði betra í nýju landi en hér virkar það hvetjandi á það fólk sem hefur hugleitt að flytja. Svona hefur þetta verið í langan tíma.

Laun eru lægri hér, afkoman verri og því er eðlilegt að sum okkar kjósi að fara. Svona hefur þetta verið lengi. Við, sem þjóð, eigum okkur markmið. Viljum vera norrænt ríki með ámóta möguleika og fólkið sem byggir hin Norðurlöndin. Í langan tíma höfum við stefnt að því að ná frændþjóðunum. En nánast ekkert gengur. Áratugum saman höfum við reynt, allavega í orði, að jafna muninn milli okkar og nágrannanna.



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

„Í umræðum um kjaramál á undangengnum mánuðum hefur gjarnan verið bent á að laun á hinum Norðurlöndunum séu umtalsvert hærri en gengur og gerist hér á landi, þrátt fyrir að landsframleiðsla á mann sé nokkuð áþekk í þessum löndum,“ skrifaði Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Hannes skrifaði þetta ekki í dag, ekki í gær, nei, hann skrifaði þetta í fréttabréf Vinnuveitendasambands Íslands fyrir rétt tæpum tuttugu árum.

Þá var þetta líka til umræðu: „Vinnutími hér á landi er mun lengri en gengur og gerist annars staðar og þegar tekið hefur verið tillit til þess er landsframleiðsla á vinnustund með því lægsta sem gerist í ríkjum OECD, en hins vegar sambærileg við þau ríki sem greiða svipuð laun og tíðkast hér á landi.“

Um þetta var rætt við gerð kjarasamninga fyrir tuttugu árum og um þetta er rætt við gerð kjarasamninga nú. Hefur okkur ekkert miðað? Færumst við ekki nær þeim þjóðum sem við verðum að nálgast? Verðum við ekki að athuga okkar gang?

Enn glímum við við það sama, kannski ekki með nákvæmlega sama hætti og áður, en samt er þetta ótrúlega líkt verkefnum dagsins í dag. Bilið milli okkar og hinna þjóðanna hefur ekki minnkað.

Allt hefur þetta leitt til þess að á þessum tuttugu árum hafa tvöfalt fleiri Íslendingar kosið að flytja til annarra landa en til dæmis Danir, sem skipa annað sætið á þessum neikvæða lista. Þá eins og nú var talað um framlegð. „… og meðan okkur tekst ekki að auka afköst okkar eða hækka afurðaverðið eru engar forsendur til að hækka tímakaup frá því sem nú er,“ skrifaði Hannes G. Sigurðsson fyrir tæpum tuttugu árum Þessi rök eru enn notuð og annað sem sagt var þá gildir einnig í dag.

Við erum eftirbátar nágrannaþjóðanna og það er okkar að finna leiðir til að bæta hag okkar, að koma í veg fyrir að fólk kjósi sífellt að lifa í öðrum löndum frekar en hér á landi. Það okkar sem mesta ábyrgð bera verða að velta fyrir sér hvað hafi misfarist og hvað sé unnt að gera.

Um þetta er stundum rætt en ekki af nægri alvöru. Á meðan erum við föst í sama farinu. Jafn langt frá viðmiðunarlöndunum, áratug eftir áratug.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Toppurinn á jarðkringlunni

Vigdís Hauksdóttir, þingkona Framsóknarflokks og formaður fjárlaganefndar Alþingis, vekur oft athygli þegar hún talar. Hún tók gærdaginn snemma og mætti í morgunþátt Ríkisútvarpsins, þar sem hún talaði meðal annars um afturköllun Evrópusambandsaðildar Íslands. Að venju skorti Vigdísi ekki orð yfir hugsanir sínar. Nú sagði hún að Íslendingar myndu taka niður fyrir sig með inngöngu í Evrópusambandið og því til staðfestingar nefndi hún viðsnúning hér á landi eftir að núverandi ríkisstjórn komst til valda. Staðan hér væri orðin það góð að efnahagsstaða Evrópusambandsins væri, ef rétt var eftir tekið, nokkru síðri en Íslands. Ísland þjóða fremst.



### Herjólfur lifi

Oddný G. Harðardóttir, fyrrverandi fjármálaráðherra, skrifaði um ríkisfjármálin þar sem hún sagði að ekki væri gert ráð fyrir peningum til smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju í stað Herjólfs. „Talið er að bygging nýrrar Vestmannaeyjaferju kosti nær fjórum milljörðum króna. Bygging hennar er afar mikilvæg fyrir þróun atvinnulífs og mannlífs í Vestmannaeyjum. Skilningsleysi stjórnvalda á mikilvægi öruggra samgangna milli lands og Eyja kemur á óvart því ef raunverulega ætti að tryggja fjármagn á árinu 2015 stæði fjárhæðin í nýsamþykktum fjárlögum,“ skrifar fjármálaráðherrann fyrrverandi. Eyjamenn verða því væntanlega að bíða lengur og vona að úr rætist, á meðan verður Herjólfur að duga.



### Blekkingarleikur í fjárlögum

Oddný G. Harðardóttir segir þingmeirihlutann beita blekkingum í fjárlögum. „Í fjárlögum er gert ráð fyrir afgangi upp á 3,6 milljarða króna. Sá afgangur verður fljótur að fuðra upp þegar bregðast þarf við vegna slæmrar áætlunargerðar ráðherranna. Öllum má vera ljóst að agi í ríkisfjármálum næst ekki með þessu ráðslagi ríkisstjórnarinnar þar sem skortur er á vönduðum vinnubrögðum og langtímahugsun við undirbúning ákvarðana um opinber fjármál.

Nauðsynleg útgjöld eru ekki sýnd í fjárlögum svo þau virðist hallalaus rétt á meðan þau eru samþykkt. Það er blekkingarleikur og fullyrðingar stjórnarliða um aga í ríkisfjármálum verða marklausar þar sem orðunum fylgja ekki athafnir.“ sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Vinnum saman að eflingu heilbrigðiskerfisins

HEILBRIGÐISMÁL



**Ólafur G. Skúlason**
formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Þann 8. janúar síðastliðinn var undirrituð afar mikilvæg viljayfirlýsing. Þrír ráðherrar ríkisstjórnarinnar og forsvarsmenn læknafélaga sammæltust þar um að hefja þyrfti uppbyggingu í heilbrigðiskerfinu, það þyrfti að gera það sambærilegt við heilbrigðiskerfi annarra norrænna ríkja bæði hvað varðar fjármuni og starfsmenn. Þar er jafnframt rætt um betri nýtingu fjármagns, mikilvægi byggingar nýs Landspítala og aukinnar samvinnu milli heilbrigðisstofnana auk annarra þátta.

Ég fagna þessari yfirlýsingu og vona að hún verði til þess að raunverulega verði farið að byggja upp heilbrigðisþjónustuna þannig að hún verði aftur á heimsmælikvarða bæði hvað varðar þjónustu við sjúklinga, minni þátttöku sjúklinga í kostnaði og bætta starfsaðstöðu fyrir heilbrigðisstarfsfólk.

Ég vil þó fjalla um eitt er varðar þáttinn um stefnumótun í heilbrigðiskerfinu en í umræddri viljayfirlýsingu er talað um virka þátttöku lækna í stefnumótun stjórnvalda. Þátttöku heilbrigðisstétta í stefnumótun ber að fagna. Hins vegar má ekki gleymast að heilbrigðiskerfið er samsett af mörgum fagstéttum sem hver um sig kemur með ákveðna þekkingu og færni að borðinu. Ef ráðast skal í stefnumótun sem stuðlar að auknum árangri í heilbrigðisþjónustu og bættri nýtingu fjármuna er grundvallaratriði að sjónarmið allra komi fram. Skoða þarf heilbrigðiskerfið á breiðum grundvelli þar sem hagsmunir einnar stéttar eru ekki hafðir að leiðarljósi. Skjólstæðingar kerfisins eiga alltaf að vera í fyrsta sæti og slíkt næst ekki fram nema með víðtæku samráði allra heilbrigðisstétta og stjórnvalda. Endurskilgreining á hlutverkum heilbrigðisstétta ætti að vera hluti af þessari stefnumótun og sú vinna verður að fara fram í góðu og markvissu samstarfi allra stétta.

Þjóðin öll krefst öflugrar heilbrigðisþjónustu. Hagsmunir einstakra hópa verða að víkja með það að leiðarljósi að hér náist markmið okkar allra um fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu til lengri tíma. Langtímastefnumótun í heilbrigðismálum er það sem þarf hér á landi. Við hjúkrunarfræðingar eru tilbúnir í þá vinnu og bjóðum hér með fram þjónustu okkar í þeim efnum.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Trúarbrögð og ofbeldi

TRÚMÁL



Sólveig Anna Bóasdóttir



Hjalti Hugason
guðfræðingar

Undanfarið hafa spunnist miklar umræður um þá ógn sem ýmsir telja að stafi af múslimum m.a. hér á landi. Mörgum hefur verið umhugað um að ekki verði hafnað þeim kristnu gildum sem virt hafi verið hér í þúsund ár. Þessi gildi eru talin undirstaða þess friðar sem ríkir á Vesturlöndum nú um stundir. Samkvæmt þessu sjónarmiði er ofbeldisógn ekki talin vestræn heldur er hún álitin koma utanfrá og þá ekki síst frá trúarhugmyndum múslima.

**Andstæð gildi?**

Sú skoðun er algeng að kristin trú sé friðsöm en íslamstrú ekki. Stenst það og er raunhæft að líta svo á að trúarkenningar og trúarrit hvetji öðru fremur til ofbeldis? Hvernig ber þá að réttlæta allt það ofbeldi sem framið er af Vesturlandabúum? Hvert sóttu ráðamenn t.d. réttlætingu fyrir innrás kristinna þjóða í Írak 2003? Fjölmargir vestrænir ráðamenn studdu hana, þar á meðal íslenskir ráðherrar.

Við sem þetta ritum erum að vísu ekki sérfræðingar í íslömskum fræðum né í Kóraninum. Við gerum okkur þó ljóst að þar er að finna fjölmarga staði þar sem rætt er um ofbeldi og það réttlætt sem boðorð Guðs. Hið sama má raunar segja um trúarrit kristinna manna, Biblíuna, einkum ýmis rit Gamla testamentisins. Þar er ofbeldi víða fyrirferðarmikið og hvatt til hefnda og ófriðar. Í báðum trúarritum má því finna tengsl trúar og ofbeldis en ekki síður tengsl trúar og friðar.

**Bókstafstrú**

Tilvísun til trúarbókstafs er ekki framandi fyrir kristið fólk frekar en múslima. Um langt skeið mótaði kristin bókstafstrú afstöðu einstaklinga og hópa í ýmsum samfélagslegum málefnum bæði hér og erlendis. Svo er víða enn.

Íslenska samfélagið einkenndist t.d. til skamms tíma af hugmyndum feðraveldis og forræðishyggju sem voru rökstuddar með tilvísun til bókstaflegrar túlkunar Biblíunnar. Lausleg trúarsöguleg athugun færir okkur enda heim sanninn um að kristnar og múslimskar trúarhugmyndir eru ákaflega líkar hvort sem þær lúta að friði eða ofbeldi. Af því leiðir að skírskotun til trúarhugmynda hefur takmarkað gildi þegar skýra á ofbeldi.

**Trú og stjórnmál**

Trú og stjórnmál voru til skamms tíma samtvinnuð á Vesturlöndum. Á síðari öldum hefur svokölluð nútímavæðing aftur á móti átt sér stað okkar á meðal. Hún lýsir sér ekki síst í að trúmál hafa verið leidd til sætis á einkasviðinu en stjórnmálum komið fyrir á almannasviðinu. Í íslömskum ríkjum hefur þessi þróun ekki átt sér stað í sama mæli. Trú og stjórnmál eru þar enn samofin eins og tíðkaðist hjá okkur áður fyrr. Enn er líka svo að margar kristnar kirkjur og trúfélög eiga langt í land með að geta kallast nútímaleg.

**➜ Ofbeldi er ofbeldi, hvar og hvernig sem það birtist og hver sem beitir því. Ofbeldi er alltaf mannfjandsamlegt hvort sem í hlut eiga einstaklingar eða heil samfélög.**

Af framansögðu leiðir að við leysum ekki þann vanda sem mörgum virðist ríkja í samskiptum kristinna manna og múslima með að halda fram kostum kristinna gilda en ókostum hinna múslimska. Gildi þessara trúarbragða eru mun líkari en margur hyggur.

**Berjumst gegn ofbeldi**

Við verðum að berjast gegn ofbeldi í öllum myndum en megum ekki einblína á hryðjuverk íslamista. Við verðum t.d. að líta í eigin barm og mótmæla gegndarlausu ofbeldi sem kristnir valdamenn standa fyrir og réttlæta með að þeir séu verndarar mannréttinda og lýðræðis á alþjóðavísu. – Ofbeldi er ofbeldi, hvar og hvernig sem það birtist og hver sem beitir því. Ofbeldi er alltaf mannfjandsamlegt hvort sem í hlut eiga einstaklingar eða heil samfélög. Þetta á ekki síst við linnulaust pólitískt ofbeldi sem beitt er á veraldarvísu og er réttlætt með reglum alþjóðasamfélagsins.

**Samstaða er lausnin**

Mikilvægt er að samfélög sem ekki hafa innleitt mannréttindi og frelsi borgurum sínum til handa verði studd í að tileinka sér þessi gildi. Við sem erum kristin getum ekki eignað okkur einum þessi grundvallargildi. Þvert á móti verðum við að viðurkenna að þeirra má víða sjá stað bæði í trúarlegu og veraldlegu samhengi. Sama má segja um samstöðu, samhygð, samlíðan og siðvit. Þetta eru mannlegir eiginleikar sem alls staðar má finna burtséð frá trúarbrögðum. Hið sama á við um ofbeldi. Það er alls staðar að finna og birtingarmyndir þess eru bæði trúarlegar og veraldlegar. Skörp aðgreining hins trúarlega og veraldlega á enda ekki rétt á sér í öllu tilliti.

Í stað þess að stilla upp andstæðum kristins og íslamsks eða trúarlegs og veraldlegs er heillavænlegra að halda til haga því besta úr hugsjónum hvers um sig og sameinast um allt sem horfir til farsældar fyrir einstaklinga og samfélög.

## AF NETINU

### Lengt í hengingarólinni?



Vinnslukostnaðurinn, sem verið er að tala um á nýjum olíusvæðum, var í haust rétt neðan við söluverðið og er nú kominn upp fyrir það.

Ástæðan er tvíþætt: Sádarnir, sem ráða ferðinni í þessum málum, neita að draga úr framleiðslu sinni og það, að viðbættu stórfelldu bergbroti (fracking) sem stundað hefur verið í Norður-Ameríku, og mokað hefur miklu nýju magni af olíu og gasi út á markaðinn vestra, hefur leitt af sér hið mikla verðhrun á olíu.

Ólíklegt er hins vegar að þessi tímabundna framleiðsla geti gert mikið meira en að lengja í þeirri hengingaról sem jarðefnaeldsneytisframleiðsla heimsins hangir í. Olíuöldin, þessi langstysta og mesta orkusprengingi í sögu jarðarbúa, hefur náð hámarki og leiðin héðan af liggur óhjákvæmilega niður á við á næstu áratugum vegna þess að nýjustu olíulindirnar eru ekki eins gríðarlegar eins og þær gömlu og vinnslukostnaðurinn er svo hár, að söluverðið þarf að verða að minnsta kosti tvöfalt hærra en það er nú.

http://omarragnarsson.blog.is

*Ómar Ragnarsson*

# Einelti er á ábyrgð fullorðinna

SAMFÉLAG



Margrét Júlía Rafnsdóttir
verkefnastjóri Vináttu hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi

Reglulega koma fram einstaklingar sem segja sögu sína af skelfilegu einelti, jafnvel einstaklingar sem enn eru á barnsaldri og hafa þurft að þola einelti árum saman, í aðstæðum sem þeir hafa ekkert val um að vera í, þ.e. skóla eða bekkjardeild. Að loknum skóladegi hefur netið svo séð til þess að heimilið er ekki lengur griðastaður. Jafnvel þó einelti sé algengast á miðstigi grunnskóla, geta rætur þess legið alveg niður í leikskóla og afleiðingarnar þurrkast svo sannarlega ekki út þegar eineltið hættir. Eftir situr einstaklingur með brotna sjálfsmynd. Sjálfsmynd sem getur tekið mörg ár eða áratugi að líma saman. Ábyrgð okkar sem fullorðin eru, foreldra og þeirra sem vinna með börnum, er mikil.

**Komum í veg fyrir einelti**

Allra mikilvægast er að koma í veg fyrir að jarðvegur skapist fyrir einelti. Á því byggjast gildi Vináttuverkefnis Barnaheilla, forvarnarverkefnis gegn einelti í leikskólum. Í Vináttu er unnið með tilfinningar, samkennd, góðan skólabrag, umhyggju, umburðarlyndi, virðingu og hugrekki. Börn eru þjálfuð í að setja sér og öðrum mörk og bregðast við órétti sem þau eða félagar þeirra verða fyrir. Verkefnið byggist á nýjustu rannsóknum á einelti og hefur frá árinu 2007 verið notað í leikskólum í Danmörku og víðar og nefnist Fri for mobberi á dönsku. Rannsóknir í Danmörku sýna mikla ánægju og árangur af efninu. Foreldrar barnanna þrýsta gjarnan á grunnskólana að taka það upp.

Nokkrir leikskólar á Íslandi vinna nú með Vináttu. Það er stefna okkar hjá Barnaheillum að geta boðið öllum leikskólum landsins að vinna með verkefnið og stuðla þannig að samfélagi þar sem einelti fær ekki þrifist. Þá muni frásagnir af skelfilegu einelti brátt heyra sögunni til. Það er hægt með breyttu hugarfari, nýjum vinnubrögðum og samstarfi.

**Hvar þrífst einelti?**

Einelti er félagslegt, menningarlegt og samskiptalegt mein sem þrífst í umhverfi þar sem lítið umburðarlyndi er fyrir margbreytileikanum og þar sem ákveðin viðmið eru um hvað sé rétt eða rangt, hvað má og hvað ekki. Reglurnar eigi þó bara við um suma og er jafnvel breytt eftir hentugleika. Skortur er á samhygð og góðum félagsanda og því þróast gjarnan samskiptamynstur sem byggist á útilokun. Sumir fá að vera hluti hópsins en aðrir eru óæskilegir eða útilokaðir. Þeir sem standa hjá þora ekki að bregðast við af ótta við að hljóta sömu örlög.

Það sem einkennir barnahópa þar sem einelti nær ekki að þrífast er hár þröskuldur umburðarlyndis. Þar er samkennd. Börnin njóta virðingar og finna sér sinn eðlilega sess í hópnum, sama hver þau eru, hvernig þau líta út, hvaða hlutverki þau gegna og hvers þau eru megnug. Það er á ábyrgð okkar fullorðna fólksins að búa börnunum slíkt umhverfi.

**➜ Í Vináttu er unnið með tilfinningar, samkennd, góðan skólabrag, umhyggju, umburðarlyndi, virðingu og hugrekki. Börn eru þjálfuð í að setja sér og öðrum mörk og bregðast við órétti sem þau eða félagar þeirra verða fyrir**

**Ábyrgð hinna fullorðnu**

Vinátta leggur mikla áherslu á vinnu með foreldrum og starfsfólki til að auka færni þeirra við að styrkja barnahópinn. Hinir fullorðnu þurfa að vera góðar fyrirmyndir barnanna í orði og verki. Þeir þurfa jafnframt að skoða viðhorf sín til annarra barna og foreldra þeirra og gæta þess hvernig þeir tala um þá. Börnin verða að geta treyst þeim og vera viss um að þeir bregðist við á réttan hátt ef þau segja frá órétti. Það er á ábyrgð hinna fullorðnu að koma í veg fyrir einelti, að tryggja góðan félagsanda og skólabrag, að börnin eigi eitthvað sameiginlegt og að hver og einn geti alltaf reynst góður félagi. Þannig finna börnin fyrir öryggi og vellíðan, þroskast og byggja upp sjálfstraust. Því er mikilvægt að foreldrar og starfsfólk skóla vinni markvisst að því að samfélag barnanna sé öllum börnum vinveitt, að öll börn fái að njóta sín og þroskast á eigin forsendum. Einelti er ofbeldi og börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi.



✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR – DÚNA**
**Básbryggju 5, Reykjavík,**

lést þann 17. janúar 2015 á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 23. janúar nk. kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Gunnar Oddsson**
**Sif Gunnarsdóttir** **William A. Burhans jr.**
**Oddur Gunnarsson** **Guðný Kristín Erlingsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elsku pabbi okkar, afi, sonur, bróðir, mágur og vinur,

**EINAR HAUKUR EIRÍKSSON**

lést að heimili sínu í Grimstad, Noregi, þann 27. desember 2014. Jarðsett var í Grimstad þann 9. janúar sl.
Minningarathöfn verður í Digraneskirkju fimmtudaginn 22. janúar 2015 kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning vegna barna hans nr. 140-26-12490, kt. 120490-2659.

**Tinna Rut Einarsdóttir**
**Sandra Sif Einarsdóttir**
**Andrea Eriksdóttir Hovstad**
**Ólafur Þór Einarsson**
**Eiríkur Þór Einarsson** **Anna Gísladóttir**
**Finnur Eiríksson** **Erna Sif Ólafsdóttir**
**Bryndís Huld Ólafsdóttir**

---

✝



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**GUÐBJARTUR GUÐMUNDSSON**
**Húnabraut 34, Blönduósi,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar mánudaginn 12. janúar 2015. Útförin fer fram frá Blönduóskirkju laugardaginn 24. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Heilbrigðisstofnunina á Blönduósi, Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi eða Orgelsjóð Blönduóskirkju.

**Margrét Ásmundsdóttir**
**Ragney Guðbjartsdóttir**
**Þórhalla Guðbjartsdóttir** **Vilhjálmur Karl Stefánsson**
**Jónína M. Guðbjartsdóttir** **Sigurjón Þór Vignisson**
**Kristinn Ólafsson** **Mareva Nardelli**
**Margrét A. Vilhjálmsdóttir** **Ágúst Þorvaldsson**
**Guðbjartur S. Vilhjálmsson** **Ágústa Rós Ingibjörnsdóttir**
**Freyja Rán Sigurjónsdóttir**
**Jónatan Þór Sigurjónsson**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**SÓLDÍS ARADÓTTIR**
**læknaritari,**
**Kjarrási 8, Garðabæ,**

andaðist á líknardeild LSH laugardaginn 17. janúar sl. Útför verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Jóhannes L. Harðarson**
**Ari Viðar Jóhannesson** **Sigrún Edda Sigurjónsdóttir**
**Hörður Smári Jóhannesson** **Björk Gunnarsdóttir**
**Hekla Aradóttir** **Arna Hlín Aradóttir**
**Birkir Orri Arason** **Hilmir Berg Harðarson**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**AÐALSTEINN FINNBOGASON**
**stýrimaður,**

lést þann 12. janúar á Sólvangi, Hafnarfirði. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 21. janúar kl. 13.00.

**Hulda G. Sigurðardóttir**
**Hafsteinn Aðalsteinsson** **Birna Þórhallsdóttir**
**Finnbogi Aðalsteinsson** **Elsa Jónsdóttir**
**Sigurður Aðalsteinsson** **Margrét H. Guðmundsdóttir**
**Guðrún H. Aðalsteinsdóttir** **Karl Jónsson**
**Ólöf Aðalsteinsdóttir** **Rafn A. Sigurðsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarn.**

---

**ÞETTA GERÐIST:** 20. JANÚAR 1870

# Níðbragur um Dani birtur í Baldri



**Jón Ólafsson** ritstjóri birti kvæðið Íslendingabrag í blaði sínu Baldri þennan dag árið 1870. Kvæðið var mjög meinyrt í garð Dana og hlaut Jón síðar dóm fyrir ummæli sín í því.

Íslendingabragur endurspeglar reiði sem sumir Íslendingar báru í garð Dana á þessum tíma. Hún var tilkomin vegna tregðu Dana til að koma til móts við sjálfstjórnarkröfur íslensku þjóðarinnar.

Hinn nítján ára gamli ritstjóri Baldurs er í hinum mesta vígahug og er þungorður í garð herraþjóðarinnar. Hún er „hin arma þursaþjóð“ sem vill stela frá Íslendingum heillum og frelsi og hrjá þá með níðingsvaldi, samkvæmt kvæðinu.

Íslendingabragur er þrjú erindi og fylgdu honum nótur því hann skyldi kveðinn undir lagi fransks byltingarsöngs, La Marseillaise.



**FYRIRLESARINN** Hildur ætlar að ræða um hina fullkomnu kvenímynd í fyrirlestrinum.

# Kvenleikinn í listum

Hin fullkomna kvenímynd er efni fyrirlestrar sem Hildur Friðriksdóttir, meistaranemi í félagsvísindum við Háskólann á Akureyri, heldur í Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi, í dag.

„Ég ætla að fjalla um félagslega og menningarlega mótaðar hugmyndir um kvenleika og með hvaða hætti þær birtast í menningu og listum.“ Þetta segir Hildur Friðriksdóttir, meistaranemi í félagsvísindum við Háskólann á Akureyri, um efni fyrirlestrar sem hún heldur í dag klukkan 17 í Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi. Yfirskriftin er: Hin fullkomna kvenímynd.

Hildur kveðst einnig ætla að tala um listakonur sem hafa notað listsköpun til að miðla pólitískri ádeilu á útlitskröfur samtímans.

Hildur útskrifaðist með BA-próf í nútímafræði við HA 2013 og stundar nú meistaranám í félagsvísindum og diplómanám í menntunarfræðum við sama skóla.

Þetta er annar fyrirlestur ársins hjá Listasafninu á Akureyri. Þeir fara fram í Ketilhúsi á hverjum þriðjudegi klukkan 17. Aðgangur er ókeypis.

## Aðrir fyrirlesarar

Fyrirlestraröðin er samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri, Verkmenntaskólans á Akureyri, Háskólans á Akureyri og Myndlistaskólans á Akureyri.

Á meðal annarra fyrirlesara vetrarins eru Eiríkur Stephenson og Hjörleifur Hjartarson (Hundur í óskilum), Margeir Dire Sigurðsson, Guðmundur Heiðar Frímannsson, Katrín Erna Gunnarsdóttir, María Rut Dýrfjörð og Jón Páll Eyjólfsson.

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRA ÁSA GUÐJOHNSEN**

lést á Landspítalanum föstudaginn 16. janúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 29. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Reykjalund.

**Halldór Gísli Sigurþórsson** **Sigríður Jónsdóttir**
**Guðrún Gerða Sigurþórsdóttir** **Gústaf Adolf Hjaltason**
**Ingibjörg Þórdís Sigurþórsdóttir** **Sigurður Kristinn Erlingsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Móðir okkar,

**GUÐBJÖRG GUÐBJARTSDÓTTIR**
**frá Hjarðarfelli,**

sem lést að Hjúkrunarheimilinu Skjóli 3. janúar sl. verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 23. janúar kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á að láta líknarstofnanir njóta þess.

**Sigrún, Guðný, Þorbjörg og Áslaug Helgadætur**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**BALDVINS STEINDÓRSSONAR**
**rafvirkjameistara.**

**Lilja Magnúsdóttir**
**Lilja Baldvinsdóttir** **Þorbjörn Viggósson**
**Kristján Baldvinsson** **Bryndís Ottósdóttir**
**Magnús Baldvinsson** **Bettina Wilhelmi**
**Halldór Baldvinsson** **Katrín Garðarsdóttir**
**Guðbjörn Baldvinsson** **Ingibjörg Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**SVEINBJARNAR INGIMUNDARSONAR**

**Örn Sveinbjarnarson** **Guðrún Ólöf Guðmundsdóttir**
**Sigurður Ingi Sveinbjarnarson**
**Markús G. Sveinbjarnarson** **Selma Filippusdóttir**
**Ingimundur Sveinbjarnarson**
**Hrafn Sveinbjarnarson** **Anna Dóra Pálsdóttir**
**Ester Sveinbjarnardóttir** **Magnús Sigurðsson**
**Helga Sif Sveinbjarnardóttir** **Haukur Örn Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## SNJALLTÆKJANOTKUN BARNA

**Morgunverðarfundur samstarfshópsins „Náum áttum“ verður haldinn á Grand Hóteli miðvikudaginn 21. janúar frá kl 8.15 til 10 undir yfirskriftinni: Eru snjalltækin að breyta skólastarfi? – Um snjalltækjanotkun barna og ungmenna. Nánar á naumattum.is.**












**HEFUR GAGNAST FJÖLMÖRGUM ÍSLENDINGUM** Salcura DermaSpray inniheldur náttúrulega formúlu sem styður við viðgerðarferli húðarinnar.

# HEFUR ÞÚ REYNT ALLT?

**GENGUR VEL KYNNIR** *Salcura DermaSpray er 100% náttúrulegt meðferðarúrræði í úðaformi sem getur veitt langvarandi bata við m.a. þurrki í húð, exemi og sóríasis. Frábær árangur, auðvelt í notkun og engar aukaverkanir.*



**ELÍSABET GUÐMUNDSDÓTTIR.**

„Salcura DermaSpray hefur hjálpað fjölmörgum Íslendingum sem eru að kljást við húðvandamál. Það inniheldur einstaka náttúrulega formúlu sem styður viðgerðarferli húðarinnar, kemst djúpt ofan í húðina og nærir hana innan frá og út. Það er líka þægilegt í notkun, hefur kláðastillandi áhrif og minnkar bólgur og roða,“ segir Elísabet Guðmundsdóttir, vörustjóri Salcura hjá Gengur vel efh.

Hún segir úðaformið draga úr hættu á sýkingum. „Það veldur engum núningi og dregur úr óþægindum þegar borið er á húðina. Salcura Zeoderm-húðkrem er svo notað til að græða og næra efstu lög húðarinnar þegar þau eru þurr og/eða sködduð. Það inniheldur kraftmikið andoxunarefni sem ver húðfrumur gegn skaða. Þetta er öflugt afeitrunarefni sem bindur og eyðir eiturefnum og róar kláða og bólgu.“

„Ég var að glíma við slæman þurrk í höndunum allan s.l. vetur, húðin var bæði sprungin og blæðandi. Eftir aðeins 3 daga meðferð með Salcura DermaSpray og Zeoderm-kremi greri húðin alveg og þurrkurinn hvarf. Nú nota ég vörurnar eftir þörfum fyrir mig og fjölskylduna.“ **Magnea Guðmundsdóttir, 33 ára, 2 barna móðir í Reykjavík.**

### SALCURA-DAGAR

20% afsláttur er í janúar af öllum vörum frá Salcura. Vörulínan inniheldur að auki sjampó og hárnæringu, Antiac-bólulínu og Topida við sveppasýkingum.

### FYRIR ALLA SEM ÞJÁST AF:

- *Exemi*
- *Sóríasis*
- *Rósroða*
- *Kláða í húð*
- *Útbrotum*
- *Þurri húð*
- *Ofsakláða*




### ÚTSÖLUSTAÐIR

Flest apótek og heilsubúðir. Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is

**TILBOÐSPAKKNING:**
Inniheldur Salcura Zeoderm 100 ml og DermaSpray 50 ml sem fylgir með í kaupbæti.


Heilsu Qigong

5 helstu ástæður þess að iðka qigong

Qigong (borið fram “tsí-gong”) er yfir 5.000 ára gamalt æfingakerfi í heilsurækt þarsem saman fer qi, sem merkir “lífskraftur”, og gong, sem merkir “nákvæmar æfingar”.

1. Aukin vellíðan og lífsþróttur
Minnkar blóðþrýsting, bætir hjarts- og æðastarfsemi, jafnar hjartsláttartíðni og minnkar kólesteról.

2. Dregur úr þrálátum sársauka
Með hjálp sjónar og stjórn hugar og líkama getur þú dregið úr þrálátum sársauka frá liðagigt.

3. Betra blóðstreymi
Með sérstökum öndunaræfingum getur þú aukið súrefnisflæði í líkamanum.

4. Dregur úr spennu
Með því að minnka viðbrögð við spennuvekjandi álagi. Hjálpar gegn þráhyggu- og áráttuhegðun, þunglyndi og kvíða og persónuleikaeinkennum af A-gerð.

5. Byggir upp sjálfsvirðingu
Með því að leyfa þér að líða vel og þægilega.

Skráning í síma 553 8282

HEILSU DREKINN

Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

ÚTSALA

Þúsundir fermetra af flísum með 20%-70% afslætti

og nú öll gólfefni án vörugjalda



Verðdæmi: Tarkett viðarparket eik 3 stafa kr. 3990.- m2
Filtteppi kr. 598.- m2
Teppi og dúkar 25-70% afsláttur
Gegnheilir Tarkett vinyldúkar frá kr. 2675.- m2

ÁLFABORG

Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET..

# MEIRI BRENNSLA AUKIN ORKA

**HEILSA EHF. KYNNIR** *Green Coffee Bean, öflugt andoxunarefni frá Solaray.*

Green Coffee Bean er einstakt bætiefni úr grænum óristuðum kaffibaunum, sem innihalda chlorogenic-sýru, mjög kröftugt andoxunarefni með margvíslega virkni.




**GREEN COFFEE BEAN:**
- Hefur reynst mörgum vel sem hjálp til þyngdartaps
- Hjálpar líkamanum að ná sér fyrr eftir átökin í ræktinni
- Virðist geta unnið á móti sykursýki 2
- Getur unnið á móti ótímabærri öldrun
- Virðist hraða brennslu í líkamanum
- Inniheldur koffín í litlum mæli, þó nóg til að geta haft jákvæð áhrif á einbeitingu og úthald

Solaray Green Coffee Bean á stóran hóp aðdáenda á Íslandi, nú þegar er komin mjög jákvæð reynsla á bætiefnið og margir haft gagn af.

Green Coffee Bean Extract er í grænmetishylkjum til að tryggja hámarksupptöku.

Solaray fæst eingöngu í apótekum og heilsuvöruverslunum.

Plokkfiskur
hollur kostur á 5 mín.



MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU
Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*
Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.
Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ
Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!
*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



**RÖKRÉTT** Ef við horfum á málið út frá fíknisjónarmiðum er nauðsynlegt að taka fíknivaldana út. Nákvæmlega eins og þegar um áfengis- og vímuefnavanda er að ræða. Mörgum þykir það öfgafullt en út frá sjónarmiði fíknar er það fullkomlega rökrétt.

# EKKI ÖFGAFULLT HELDUR RÖKRÉTT

**MATARFÍKN** *Kanadíski fíknilæknirinn Dr. Vera Tarman telur hluta þeirra sem glíma við offitu vera haldna matarfíkn. Hana þarf að nálgast eins og alla aðra fíkn, með fráhaldi. Dr. Tarman heldur fyrirlestur í HR í kvöld.*

Kanadíski fíknilæknirinn Dr. Vera Tarman flytur fyrirlesturinn Food Junkies: Does it Exist? Why Do We Care? í Háskólanum í Reykjavík í kvöld. Fyrirlesturinn er haldinn á vegum Matarheilla. Dr. Tarman hefur sérhæft sig í fíknilækningum og er forstöðulæknir fíknimeðferðarstöðvarinnar Renascent í Kanada, sem er sú stærsta sinnar tegundar þar í landi. Dr. Tarman hélt erindi undir sömu yfirskrift á læknadögum í Hörpu í gær.

**MATARFÍKN ER TIL**

„Í kvöld mun ég fjalla um matarfíkn sem raunverulegt fyrirbæri en fíkniþátturinn er alls ekki almennt viðurkenndur þó sífellt fleiri séu farnir að opna augun fyrir því að þeir sem þjást af offitu eru í mörgum tilfellum haldnir fíkn. Á málstofunni í gær ræddi ég sem læknir við lækna og fjallaði um þær rannsóknir sem liggja fyrir málinu til stuðnings og mína klínísku reynslu. Fyrirlesturinn í dag er svo hugsaður fyrir almenning en þar fer ég jafnframt dýpra í ýmis mál."

**FRÁHALD NAUÐSYNLEGT**

Dr. Tarman segir hugsanlegt að 5 og allt að 40 prósent þeirra sem glíma við offitu uppfylli greiningarviðmið fyrir matarfíkn. „Sú greining skiptir sköpum þegar kemur að því hvernig við nálgumst vandann og hvernig meðferðarúrræðum er beitt. Útbreiddasta meðferðarúrræðið við átröskunarsjúkdómum og offitu er hófsamt matarplan þar sem borðað er úr öllum fæðuflokkum. Ef við nálgumst málið út frá fíknisjónarmiði gengur þetta ekki upp. Ef við horfum á þetta sem fíkn eru fíknivaldarnir til dæmis sykur, hveiti og sterkja og nauðsynlegt að taka þá alfarið út. Nákvæmlega eins og þegar um áfengis- og vímuefnavanda er að ræða. Mörgum þykir þetta öfgafullt en út frá sjónarmiði fíknar er það fullkomlega rökrétt," segir Dr. Tarman.

Hún er vinsæll fyrirlesari og hefur skrifað margar bækur um fíknisjúkdóma, ekki síst um matarfíkn. Nýjasta bók hennar og Philip Werdell heidir Food Junkies: The Truth About Food Addiction.

Löngu áður en Dr. Tarman helgaði sig þessum fræðum glímdi hún sjálf við matarfíkn. „Það var ekki fyrr en ég fór í algert fráhald að ég náði tökum á vandanum. Margir sem starfa innan geirans hafa sömu sögu að segja en auk þess renna æ fleiri rannsóknir stoðum undir þetta."

Esther Helga Guðmundsdóttir, matarfíkniráðgjafi, stofnandi MFM-miðstöðvarinnar og stjórnarmeðlimur Matarheilla, hafði milligöngu um að fá Dr. Tarman til landsins, en hún er jafnframt í stjórn félags fagfólks um offituvandann. „Ég hef unnið mikið með Dr. Tarman á erlendum vettvangi og fannst tímabært að fá hana til landsins."

**MIKILVÆGT AÐ FAGFÓLK LEGGI VIÐ HLUSTIR**

Esther segir Dr. Tarman hafa mikla læknisfræðilega þekkingu á fíknisjúkdómum og matarfíkn. „Að hennar mati er matarfíkn í raun sami sjúkdómur og fíkn í önnur efni. Það eru þó alls ekki allir heilbrigðisstarfsmenn sem taka undir þetta og telja margir þetta full öfgafulla nálgun. Dr. Tarman er málsmetandi á þessu sviði og er það von mín að fræðasamfélagið og fagfólk leggi við hlustir."

**BARÁTTAN RÉTT AÐ BYRJA**

Esther segir matarfíkla sem berjast fyrir viðeigandi meðferðarúrræðum standa í svipuðum sporum og alkóhólistar um miðja síðustu öld. „Ég skil það á vissan hátt. Fólk sem hefur ekki glímt við þennan vanda sjálft skilur ekki eðli fíknar. Það tók langan tíma að viðurkenna áfengis- og vímuefnafíkn sem sjúkdóm en ekki bara einhvern karakterbrest. Sífellt fleiri nýjar rannsóknir leggjast þó á sveif með okkur og er ljóst að stór hluti þeirra lífsstílssjúkdóma sem við glímum við eru vegna neyslu á efnum á borð við sykur, hveiti, salti og sterkju.

Esther segir marga matarframleiðendur mjög meðvitaða um fíknina sem ákveðnar fæðutegundir valda. „Þess vegna eru þessi efni sett í matvæli hvort sem þörf er á því eða ekki. Það kveikir á heilaboðefnum sem valda því að við viljum meira, kaupum meira og borðum meira."

Fyrirlesturinn í HR í kvöld verður haldinn í stofu V-102. Hann hefst klukkan 20. Áhugasömum er bent á heimasíðuna addictionsunplugged.com sem Dr. Tarman heldur úti.

vera@365.is




**NÝJASTA BÓK DR. TARMAN**

Dr. Tarman hefur skrifað margar bækur um fíknisjúkdóma. Nýjasta bók hennar og Philips Werdell heitir Food Junkies: The Truth About Food Addiction.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# ÞVÍLÍKUR LÉTTIR

**ICECARE KYNNIR** *Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest. Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu í slímhúð þvagrásar og skola bakteríunni út með þvaginu. Bio-Kult Candéa getur hentað vel gegn ýmsum meltingarvandamálum.*



**ÁNÆGÐ** Alma Lilja Ævarsdóttir er afar ánægð með Bio-Kult Candéa, enda hefur líðan hennar breyst mikið til batnaðar eftir að hún fór að taka inn hylkin.

Birgitta Sveinbjörnsdóttir þjáðist af gigt sem hafði mikil áhrif á heilsufar hennar og líðan. Vegna aukaverkana af lyfjum sem hún þurfti að taka inn fór hún að fá endurteknar þvagfærasýkingar. „Ég þurfti reglulega að taka inn sýklalyf. Ég hafði í mörg ár reynt að nota náttúrulegar leiðir til þess að losna við sýklalyfin en ekkert virkaði. Ég breytti mataræðinu og lífsstílnum og prófaði ýmsar vörur sem áttu að virka gegn þvagfærasýkingum en allt kom fyrir ekki. Ég fékk alltaf endurteknar þvagfærasýkingar,“ segir hún.

„Vinkona mín sem er læknir benti mér á að nota Bio-Kult Pro-Cyan gegn þvagfærasýkingunni. Það var ótrúlegt að upplifa loksins eitthvað sem virkaði án þess að nota sýklalyf. Þvílíkur léttir eftir öll þessi ár. Ef ég gleymi að taka Bio-Kult-hylkin finn ég að þvagfærasýkingin læðist að, þannig að ég passa vel upp á að það gerist ekki. Ég tek tvö hylki á dag alla daga. Ég hef líka notað Bio-Kult Original, þetta gula, til að styrkja magaflóruna betur og það hefur einnig hjálpað mér til að styrkja meltinguna.“

**HELDUR MÉR Í JAFNVÆGI**

Bio-Kult Candéa hefur hjálpað mörgum sem hafa átt við meltingarvandamál að stríða eða barist við candida-sveppasýkingar.

„Fyrir einu og hálfu ári keypti ég fyrsta pakkann af Bio-Kult Candéa. Ég hafði í fjöldamörg ár glímt við mikla uppþembu og meltingarvanda.

Mér leið oftast hálfilla eftir máltíðir og var búin að reyna eitt og annað. Fljótlega eftir að ég byrjaði á Bio-Kult hvarf þessi vanlíðan.

Ég tek inn tvö hylki á dag í hádeginu. Kláði og pirringur í húðinni hefur stórbatnað og nánast horfið, kláði sem var virkilega að gera mér lífið leitt auk mikilla þurrkubletta í húðinni heyrir sögunni til. Sykurlöngun hefur horfið eftir að ég byrjaði á Bio-Kult Candéa-hylkjunum.

Ég hef farið á sterka sýklalyfjaskammta án þess að þurfa að stríða við sveppasýkingu í kjölfarið.

Ég hef aldrei hætt að taka inn Bio-Kult Candéa á þessum tíma, það er orðið hluti af rútínu hjá mér og ég get heilshugar mælt með því við alla og geri það,“ segir Alma Lilja Ævarsdóttir.






**ER BETRI** Birgitta þjáðist af gigt og þurfti að taka sýklalyf reglulega vegna þvagfærasýkingar. Hún segir að það hafi lagast eftir að hún byrjaði að taka Bio-Kult Pro-Cyan.

## SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.
Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, **www.icecare.is.**

IceCare
Þín heilsa

# LIFIR ÞÚ LÍFI ÞÍNU TIL FULLS?

*Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin og fita í lifrinni getur haft slæm áhrif á líðan. Active Liver getur hjálpað í þessu.*



Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki þess að mikið álag er á lifrinni.

**NÝTUR ÞÚ LÍFSINS OF MIKIÐ?**

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki.

Nú má fá hjálp til þess að minnka það að sögn Birnu Gísladóttur, sölu- og markaðsstjóra hjá Icecare, sem flytur inn Active Liver. „Active Liver styður við niðurbrot fitunnar í þörmunum, bætir meltinguna og stuðlar að eðlilegri lifrarstarfsemi. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur valda of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins.“ Kirsten var með dæmigerð einkenni þess að fita hefði safnast upp í lifrinni. Hún var í ofþyngd, oft uppþembd, með meltingarvandamál og „svampkennda“ húð. Auk þess var hún oft þreytt. Kirsten fékk tækifæri til að prófa nýju Active Liver-töflurnar og eftir þriggja vikna notkun varð hún undrandi. „Húðin á mér er betri og pokarnir undir augunum hafa minnkað. Ég geisla og lít heilbrigðari út. Ég er mjög ánægð og hef ekki sömu löngunina í óhollan mat, áfengi, sætindi og kaffi. Það leikur enginn vafi á því að mér líður miklu betur. Ég er í náttúrulegri vímu. Jurtatöflurnar eru góðar fyrir lifrina og meltinguna. Áður fyrr fann ég að meltingin var ekki í lagi en maður finnur ekki eins mikið fyrir því ef lifrin starfar ekki eðlilega. Þess vegna hafði ég ekki leitt hugann að því hversu mikilvæg lifrarstarfsemin er fyrir aukna vellíðan.“

„Matur sem neytt er nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer er það ekki einungis prótein sem getur örvað lifrarstarfsemina,“ segir Birna.




**LEYNDARMÁLIÐ UM ACTIVE LIVER**

Active Liver inniheldur náttúrulegt jurtaþykkni, sem er þekkt fyrir að örva virkni lifrarinnar og gallsins og efnið kólín sem er mikilvægt fyrir fitubrennslu og hjálpar til við að minnka fitu sem getur safnast fyrir í lifrinni.

**LÉTTIST UM TVÆR FATASTÆRÐIR**

„Eftir að ég tileinkaði mér heilbrigðari lífsstíl, með því að taka inn Active Liver-töflurnar með kvöldmatnum, finn ég fyrir aukinni vellíðan. Ég hef farið niður um tvær fatastærðir og skipt út fataskápnum. Það er frábært,“ segir Kirsten.



**BIRNA GÍSLADÓTTIR** Birna er sölu- og markaðsstjóri hjá Icecare sem flytur inn Active Liver en töflurnar styðja við niðurbrot fitu í þörmum, bæta meltinguna og stuðla að eðlilegri lifrarstarfsemi. MYND/VALLI



**LÍTUR BETUR ÚT** Kirsten hefur minni löngu í óhollan mat, sætindi, kaffi og áfengi eftir að hún fór að taka Active Liver-töflurnar.

# SLEPPTI SYKRI – MUN BETRI LÍÐAN

**HEILSAN** *Sarah Wilson er ástralskur rithöfundur, sem hefur vakið mikla athygli fyrir bækur sem hún hefur skrifað um sykurlaust fæði, I Quit Sugar. Bækurnar hafa farið í metsölu í heimalandi hennar og víðar.*

Það er mikið rætt um sykur í heiminum í dag. Margir ræða um hann sem eiturlyf sem fólk ætti að forðast. Árið 2013 var mikið rætt um 5:2 megrunarkúrinn en nú er það sem sagt sykurinn. Næringarfræðingar og heilsusérfræðingar eru allir sammála um að mikill sykur, sælgæti og gos sé ekki gott fyrir heilsuna. Sarah Wilson er ekki næringarráðgjafi en hún fór í sykurbindindi og hefur skrifað um þá reynslu sína. Sarah hætti að borða sykur í janúar 2012 og byrjaði að blogga um áhrifin. Bloggið varð strax afar vinsælt. Í framhaldinu gaf hún út bókina I Quit Sugar.

Sarah segir að þetta hafi í fyrstu verið tilraun hjá sér. Hún vildi athuga hvort hún gæti verið hamingjusöm án þess að borða sykur. Þessi tilraun tókst svo vel að hún fann strax mun á heilsunni. Hún segist fyrst hafa tekið út allar unnar matvörur. „Ég borða samt svolítinn sykur daglega. Ég borða ávexti og fæ mér stundum örlítið súkkulaði, en aðeins með 80% kakóinnihaldi,“ segir hún. Sarah segist vera mjög meðvituð um hvað hún borðar.

Upphaflega ætlaði hún að prófa að vera sykurlaus í tvær vikur. Það var áramótaheit. Hún fann strax mikinn mun á líðan sinni. Hún léttist hratt og fékk meiri orku auk þess sem húðin varð miklu fallegri. Það var ástæða til að halda þessu áfram og nú hefur hún verið sykurlaus í þrjú ár. Hún hætti að setja hvítan sykur út í te en notaði smávegis hunang í staðinn. Þannig fékk hún sætu.

**SKOÐA INNIHALD**

Sarah bendir á að margs kyns matvörur séu sykurbættar. Fólk þurfi að lesa innihaldslýsingu til að átta sig á því. Morgunmatur er til dæmis oft mjög sykurbættur.

Sarah setur upp nokkrar spurningar fyrir lesendur svo þeir geti áttað sig á líðan sinni.

- Ert þú orkulaus seinnipart dags?
- Langar þig í eitthvað sætt á eftir mat?
- Verður þú uppþembd/ur eftir máltíð?
- Áttu erfitt með að hafna kökusneið?
- Ertu þykk/ur um þig miðja/n en grannur annars?

Ef þú svarar þessum spurningum játandi ættirðu að íhuga að skera niður sykur. Í byrjun er best að sleppa öllum sykri, ávaxtasykri, agave og hunangi. Sykur er mjög ávanabindandi og það er erfitt að sleppa honum. Það tók hana um átta vikur að venjast sykurbindindinu. Í dag hefur Sarah enga sykurlöngun.



**ÁTTA VIKNA KÚR**

Hún segir að í fyrstu viku án sykurs þurfi að leggja sig fram um að lesa allar innihaldslýsingar og forðast allt með sykri. Ágætt er að velja poppkorn í stað nasls eða sælgætis. Velja ost í eftirrétt, drekka vatn í staðinn fyrir gos og ávaxtasafa. Velja gróft brauð með soðnu eggi í staðinn fyrir jógúrt og músli.

Í annarri viku er gott að auka fitu og prótín í stað sykursins. Borða meira af eggjum, osti, hnetum og kókos.

Í þriðju viku á allur sykur að vera kominn úr fæðunni, líka ávaxtasykur, sultur og sósur með sykri, til dæmis tómatsósa. Með því að elda matinn veit fólk hvað hann inniheldur og auðveldara er að fylgjast með sykurneyslu. Þess vegna ætti ekki að kaupa tilbúinn mat.

Á sjöttu viku sykurbindindis má fá sér ávexti með litlu sykurinnihaldi, kíví, grape, hunangsmelónu, bláber og önnur ber. Þá má setja bragðefni eins og vanillu, kanil, lakkrísrót eða möndlumjólk í matinn. Borða ætti mikið grænmeti.

Í áttundu viku sykurbindis ætti fólk að finna verulegan mun á sér og þá er upplagt að skoða hvað hefur áunnist og spyrja sjálfan sig hvort ástæða sé til að halda áfram.

Sarah segist borða ávexti með litlu sykurinnihaldi en stundum fái hún sér eplabita með osti. „Ég borða þrjár máltíðir á dag. Ég borða kókosolíu á hverjum degi og tel hana besta vin þeirra sem vilja sleppa sykri. Oft blanda ég kókosolíu og kakói saman og fæ þá mitt súkkulaðibragð og holla fitu. Ég fæ mikla orku af þessari blöndu,“ segir hún.

Sarah segist finna mikinn mun á húðinni eftir að hún breytti mataræðinu. „Húðin breyttist verulega þegar ég hætti að borða sykur og varð sléttari. Ég hef færri hrukkur núna en ég hafði fyrir fimm árum. Ef ég fer út að borða þá vel ég gríska veitingastaði, indverska og taílenska. Ég drekk eitt glas af rauðvíni á hverju kvöldi með matnum. Það er ávaxtasykur í rauðvíni og ég finn að hann hjálpar meltingunni og jafnar blóðsykur,“ segir Sarah en bækur hennar hafa selst í milljónum eintaka.

**GRÆNMETI** Sarah bendir á að fólk ætti ekki að borða ávexti fyrst í stað en auka við sig grænmetisneyslu. MYND/GETTY



**FRÆG** Sarah Wilson hefur vakið athygli langt út fyrir heimalandið fyrir bækur sínar um sykurbindindi. MYND/GETTY

## VEKUR ATHYGLI

***Sarah Wilson hefur starfað sem blaðamaður í 20 ár. Hún hefur starfað í útvarpi, sjónvarpi og á tímaritum. Hún var ritstjóri tímaritsins Cosmopolitan í Ástralíu. Sarah var kynnir fyrstu þáttaseríu af MasterChef Ástralía. Hún er tíður gestur í vinsælum sjónvarpsþáttum í heimalandinu. Hægt er að fylgjast með bloggi hennar á sarahwilson.com.***


Lífrænt

Rauðrófu- og brokkolíduft

ásamt spínati, gulrótum, steinselju og káli



Frábært í 5:2 kúrinn!

12 HITAEININGAR Í TESKEIÐ

SEX tegundir af lífrænu grænmeti

• Mikil orka og næring
• 40 skammtar

Fæst í apótekum, heilsubúðum, Krónunni, Hagkaup og Nettó. Umboð: Celsus.

lifestream náttúruleg uppspretta bætiefna




**HJÓN** Vigdís Linda Jack og Adrian Lopez standa fyrir ókeypis heilsunámskeiðum.

## BREYTTI UM LÍFSSTÍL

Hjónin Vigdís Linda Jack og Adrian Lopez hafa undanfarin ár staðið fyrir heilsunámskeiðum sem eru ókeypis og standa öllum opin. Námskeiðin byggjast á fyrirlestrum og matreiðslunámskeiðum en Adrian breytti sjálfur um lífsstíl og tók mataræðið í gegn fyrir nokkrum árum.

„Með því náði hann að losna við sykursýki, of háan blóðþrýsting og þar að auki 50 kíló,“ segir Vigdís. „Fólk spyr oft af hverju námskeiðin séu ókeypis. Við gerum þetta af hugsjón og höfum mjög gaman af,“ bætir hún við.

Næsta námskeið hefst á miðvikudag og tekur Vigdís við skráningum á netfangið vigdislinda@hotmail.com.

**MATARKEXSMÁKÖKUR ADRIAN LOPEZ**

**10 heilhveitimjólkurkex**
**13 döðlur (75 g)**
**6 msk. ólífuolía**
**6 msk. sojamjólk**
**2 lófafyllir jarðhnetur**
**2 lófafyllir kasjúhnetur**
**2 lófafyllir heslihnetur**
**2 lófafylli af valhnetum**
**5 msk. karóbduft**

*Myljið mjólkurkexið í litla birta, vætið döðlurnar í örlitlu heitu vatni og blandið í blandara, hrærið svo öllu saman. Það má bæta meiri olíu og mjólk við ef deigið er of þurrt.*

*Notið skeið til að búa til litlar kúlur og þrýstið á hverja köku með gaffli. Sett í frysti og borðað kalt.*



# BÍLAÞVOTTUR &BÓN

ÞRIÐJUDAGUR 20. JANÚAR 2015

## Gæði og framþróun

Sonax-vörur eru söluhæstu bílhreinsi-vörur á íslenskum markaði í dag. SÍÐA 2

## Vistvæn bílaþvottastöð

Bílaþvottastöðin Splass er vistvæn bílaþvottastöð sem býður upp á frítt WiFi og þægilega biðstofu. SÍÐA 3

# Gæði og framþróun hjá Sonax

Heildverslunin Ásbjörn Ólafsson ehf. hefur um áratugaskeið flutt inn bón- og bílhreinsivörur frá þýska framleiðandanum Sonax. Sonax hefur fyrir löngu áunnið sér traust bílaeigenda með því að bjóða upp á hágæða bílhreinsivörur, og eru Sonax-vörur söluhæstu bílhreinsivörur á íslenskum markaði í dag.

### Merki með langa sögu



Jón Björn Björnsson, sölumaður hjá Ásbirni Ólafssyni ehf.

„Sonax-vörumerkið kom fyrst fram árið 1950,“ segir Jón Björn Björnsson, sölumaður hjá Ásbirni Ólafssyni ehf. „Merkið er þekkt fyrir mikil gæði og framúrstefnulega vöruþróun byggða á hátæknilegum aðferðum. Sonax hefur hvað eftir annað hlotið viðurkenningar fyrir sínar vörur, þar sem þær eru valdar bestar í sínum flokki meðal neytenda. Einnig hlaut Sonax þann heiður árið 2012 að vera valið eitt af þeim þýsku vörumerkjum sem hlutu stimpilinn „Brand of the Century“,“ bætir Jón Björn við.

| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG



**TAKE THAT** Strákabandið spilar í fyrsta sinn sem tríó á Brit-hátíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Take That á Brit-hátíðinni

Take That kemur fram á Brit-verðlaunahátíðinni í O2-höllinni í London í næsta mánuði.

Þetta verður í fyrsta sinn sem strákarnir stíga á svið á Brit-hátíðinni sem tríó en Jason Orange sagði skilið við Take That á síðasta ári. Í þau fimm skipti sem þeir hafa troðið upp á Brit-hátíðinni hafa þeir alltaf vakið athygli. Árið 2009 stóðu þeir um borð í geimskipi og 2011 mættu með óeirðalögregluna með sér. „Við vitum hvað það er stórt mál að spila á Brit-hátíðinni og þess vegna erum við að skipuleggja eitthvað sérstakt fyrir þessa stund," sagði Gary Barlow.



**GEORGE CLOONEY** Uri Geller segir að leikarinn eigi eftir að sjá draug stúlkunnar.

# Clooney keypti draugahús

Talið er að Hollywood-leikarinn George Clooney og eiginkona hans, Amal, hafi fest kaup á húsi í enska þorpinu Sonning. Væntanlegur nágranni þeirra, sjónhverfingamaðurinn og miðillinn Uri Geller, segir í viðtali við Daily Express að draugagangur sé á svæðinu.

„Það er hægt að sjá húsið hans frá Sonning-brúnni og ég hef séð skrítna hluti gerast á þessari brú. Draugur lítillar stúlku gengur yfir hana. Ég efast ekki um að George Clooney eigi eftir að sjá hana. Þetta er besta húsið í hverfinu til að sjá þennan draug."

# Fleiri miðar til að sjá Harvey

Búið er að setja fleiri miða í sölu fyrir aðdáendur ensku söngkonunnar PJ Harvey sem vilja sjá hana taka upp næstu plötu sína. Allir miðar á viðburðinn seldust á örskammri stundu fyrir jólin og var mikil eftirspurn eftir fleiri miðum.

Harvey tilkynnti fyrir jól að hún ætlaði að taka sína níundu plötu upp fyrir opnum tjöldum. Almenningur hefur frá því í síðustu viku getað horft á upptökurnar í 45 mínútur í senn í Somerset House í London. Upptökurnar standa yfir til 14. febrúar.

# Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni

**BAKÞANKAR** Söru McMahon



**ÞAÐ ER** ýmislegt skrýtið sem gerist þegar maður eldist; Maður gránar, vitið þroskast, margvíslegir áður óþekktir verkir fara að gera vart við sig hér og þar í líkamanum og maður uppgötvar að maður er farinn að líkjast foreldrum sínum æ meira.

**ÓMEÐVITAÐ** virðist maður hafa tileinkað sér siði og takta foreldra sinna, og jafnvel foreldra foreldra sinna, líkt og ég komst nýlega að. Ég virðist nefnilega hafa helgað mér þann sið ömmu minnar að geyma notaða gjafaborða og -pappír.

**ÞAÐ ERU EKKI** nema nokkur ár síðan mér þótti þessi söfnunarárátta ömmu minnar heldur merkileg. Ég man eftir einu skipti þegar ég heimsótti hana á elliheimilið á afmælisdegi hennar. Ég hafði keypt handa henni stóran vönd af túlípönum sem blómasalinn hafði vafið fallega inn í gjafapappír og skreytt með litríkum borðum.

**AMMA** þakkaði mér fyrir vöndinn og þegar blómin voru komin í vatn hóf hún að jafna úr sellófaninu og braut það svo fallega saman. Borðana vafði hún í nettan hnykil og því næst stakk hún hvoru tveggja ofan í skúffu.

**Á ÞESSUM** árum var amma hætt að gefa fólki gjafir og því lítil ástæða fyrir hana að geyma umbúðirnar. Ég bauðst því til að henda sellófaninu og bandinu í ruslið fyrir hana, en amma leit aftur hissa á mig og sagði svo ástúðlega á móðurmálinu: „Sara mín, dom som sparar, dom har," sem mætti þýða sem „þeir eiga sem spara".

**SKEMMST** er frá því að segja að nú, nokkrum árum síðar, er ég sjálf farin að geyma gjafapappír og -borða í litlum skókassa inni í skáp. Þetta á ég svo tilbúið til notkunar þegar ég þarf að fara í afmæli eða gefa fæðingargjafir, því eins og amma sagði: Þeir eiga sem spara.



**TINNA** Safnar tónverkum fyrir hljóðfærið smágerða og er í sambandi við tónskáld um allan heim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Spilar á dótapíanó og ber höfuðið hátt

**Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari fékk sex tónskáld til að semja verk fyrir dótapíanó. Sjálf á hún tvö og er ein mesta áhugakona landsins um hljóðfærið.**

„Ég hef haft áhuga á dótapíanóum undanfarin ár og fannst upplagt að tefla þessu saman," segir Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari.

Hún fékk sex tónskáld til þess að semja fyrir sig verk fyrir píanó og dótapíanó sem flutt verða á Myrkum Músíkdögum. „Þau fengu alveg frjálsar hendur við að gera þetta, verður svona keppni á milli hljóðfæranna," segir hún. Áhugi Tinnu á hljóðfærinu kviknaði út frá tónskáldinu John Cage. „Hann samdi fyrsta alvöruverkið fyrir dótapíanó árið 1948. Þegar ég byrjaði að grúska í því þá var ekkert aftur snúið," segir Tinna glöð í bragði og bætir við: „Hann tekur dótapíanóið alveg mjög alvarlega."

Á tónleikunum mun Tinna notast við þrjú dótapíanó og einn flygil. „Ég á tvö og fæ eitt lánað, ég veit hvar öll aðaldótapíanóin eru í bænum," segir hún og er óhrædd við að fullyrða að hún sé mesta áhugakona landsins um hljóðfærið. „Flygillinn er svo stór og svo færðu þetta litla dótapíanó sem er algjörlega andstæðan við hann. Það er auðveldara að nálgast það, svona ákveðin slökun frá stóra skrímslinu, ef svo má segja," segir hún og hlær.

Dótapíanóin eru smá í sniðum og hljóðfæraleikarinn þarf að bera sig öðruvísi að en þegar leikið er á flygil. „Maður lítur náttúrulega hálf skringilega út þegar maður situr við dótapíanóið, en maður verður bara að þora því og bera höfuðið hátt." Tinna segist ekki hafa kennt sér meins í baki við það að leika á hljóðfærið en lykilinn segir hún að taka pásur á milli.

Sjálf safnar hún tónverkum fyrir dótapíanó og er í sambandi við tónskáld um allan heim. „Ein af þessum ástríðum sem ég hef, að safna dótapíanóverkum. Ætli þetta dugi ekki bara í bili þangað til næsta kemur upp," segir Tinna hlæjandi aðspurð að því hvort hún eigi einhver önnur óvenjuleg áhugamál.

> **Flygillinn er svo stór og svo færðu þetta litla dótapíanó sem er algjörlega andstæðan við hann. Það er auðveldara að nálgast það, svona ákveðin slökun frá stóra skrímslinu, ef svo má segja.**

Tónskáldin sem Tinna fékk til liðs við sig eru þau Einar Torfi Einarsson, Hallvarður Ásgeirsson, Haukur Þór Harðarson, Ingibjörg Friðriksdóttir, Páll Ragnar Pálsson og Þórunn Gréta Sigurðardóttir.

Tónleikarnir fara fram 1. febrúar í Kaldalónssal Hörpu og eru hluti af tónlistarhátíðinni Myrkir Músíkdagar sem hefst tuttugasta og níunda janúar.

gydaloa@frettabladid.is




BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ 1000 KALL MIÐINN!

Girlhood .......... 18.00, 20.00
Winter sleep .......... 18.00
Mommy .......... 20.00
Turist Eng Sub .......... 22.00
Whiplash .......... 22.00
Hross í Oss ENG SUB .......... 22.30
SÍÐUSTU SÝNINGAR:
Rudderless .......... 18.00




Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



# Austur-Evrópa tekur við keflinu af Íslandi

## Fjórar íslenskar hljómsveitir hafa verið bókaðar á tónlistarhátíðir í sumar eftir þátttöku á Eurosonic.

„Þetta gekk mjög vel. Við fengum rosalega fín viðbrögð við öllum tónleikunum,“ segir Sigtryggur Baldursson, framkvæmdastjóri ÚTÓN. Hann er nýkominn heim frá Groningen í Hollandi. Þar voru nítján flytjendur frá Íslandi í brennidepli á tónlistarráðstefnunni og hátíðinni Eurosonic.

Á hátíðinni á næsta ári verður Austur-Evrópa í brennidepli, sem verður væntanlega mikil breyting frá íslenska áherslupunktinum. „Það er farið frá 300 þúsund manna þjóðinni yfir í hundrað milljóna pakkann. Þessi sveifla þarna á milli er svolítið ýkt,“ segir Sigtryggur.

Nú þegar hafa að minnsta kosti fjórar hljómsveitir verið bókaðar inn á erlendar tónlistarhátíðir í sumar eftir þátttöku í Eurosonic, eða Vök, Young Karin, Sólstafir og Mammút. Að sögn Sigtryggs var smekkfullt á alla íslensku tónleikana og viðburðina og umfjöllun fjölmiðla var góð. „Það var mjög góður rómur gerður að þessum fókus Íslands. Samkvæmt PR-gengi Eurosonic höfum við sett nýjan standard á þetta.“ Hann segir að athygli hafi vakið að íslenskir ráðherrar og borgarstjóri Reykjavíkur hafi látið sjá sig. „Það vakti mikla athygli hjá alþjóðlegu fulltrúunum sem voru þarna að það mættu ráðherrar frá Íslandi og höfðu áhuga á málefninu, settu sig inn í þetta og vissu hvað þeir voru að tala um. Það fannst mér mjög gott.“ **- fb**


SIGTRYGGUR BALDURSSON

➜ Nú þegar hafa að minnsta kosti fjórar hljómsveitir verið bókaðar inn á tónlistarhátíðir í sumar eftir þátttöku í Eurosonic, eða Vök, Young Karin, Sólstafir og Mammút.


**VÖK** Hljómsveitin Vök hefur verið bókuð á erlendar tónlistarhátíðir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


**MIRANDA KERR** Fyrirsætan reynir að vera heilbrigð í 80 prósentum tilfella.

## Kerr lifir eftir 80/20 mottói

Miranda Kerr reynir að vera heilbrigð 80 prósent tímans og passar sig því upp á að hafa pláss fyrir óheilbrigt mataræði.

Hin 31 árs fyrirsæta leyfir sér af og til eitthvað gómsætt og lifir því eftir mottóinu 80/20 til að halda mataræðinu í jafnvægi. „Ég lifi eftir mottóinu 80/20 sem þýðir að ég borða hollt 80 prósent tímans en óhollt 20 prósent tímans.“

Hún reynir að búa til eigin heilsudrykki og heilbrigðan skyndibita. „Ég baka glútenlausar múffur með bláberjum og chia-fræjum,“ sagði Kerr, sem á fjögurra ára son með fyrrverandi eiginmanni sínum, Orlando Bloom.


**BRITNEY SPEARS** Söngkonan er í uppnámi eftir að fyrrverandi kærasti hennar var skotinn til bana.

## Fyrrverandi skotinn niður

Fyrrverandi kærasti söngkonunnar Britney Spears var nýlega drepinn af talibönum í Afganistan. John Sundahl var skotinn niður þegar hann var að fljúga þyrlu frá höfuðborginni Kabúl, að því er The Mirror greindi frá.

Sundahl hafði starfað í Afganistan sem verktaki á eigin vegum og flaug með ráðamenn víðs vegar um landið. Hann byrjaði með Spears árið 2007 eftir að þau kynntust á fundum AA-samtakanna. „Þetta er hræðilegt. Fjölskylda mín er í öngum sínum og þetta er mjög erfitt fyrir aldraða foreldra mína,“ sagði bróðir hans. „Við vitum að Britney er líka í uppnámi. John var enn góður vinur Britney og talaði reglulega við hana.“



## Ísland á fjóra toppþjálfara í Evrópu



Bent Nyegaard, sérfræðingur TV2 í Danmörku, hefur fylgst grannt með handbolta í áratugi og segir óneitanlega sérstakt hversu margir íslenskir handboltaþjálfarar hafa náð langt á alþjóðavettvangi. „Að jafn fámenn þjóð og Ísland eigi þjálfara tveggja stærstu handboltaþjóða heims er ótrúlegt,“ sagði Nyegaard við Fréttablaðið í gær. „Ef við lítum svo út fyrir HM í handbolta þá er Alfreð Gíslason hjá Kiel, sigursælasta félagsliði heims, og Aron Kristjánsson að þjálfa besta lið Danmerkur sem er stór handboltaþjóð. Ísland á fjóra þjálfara sem eru á toppnum í Evrópu.“ Hann á von á því að leikur Danmerkur og Þýskalands í kvöld verði taktísk skák þjálfaranna Guðmundar og Dags. „Þeir eru báðir hæglátir menn og rólegir. En þeir hafa gríðarlegan metnað og mjög skýrar hugmyndir um hvað þeir vilja fá fram. Þeir hugsa mörg skref fram í tímann í einu og það verður afar áhugavert að horfa á leikinn út frá sjónarmiði þjálfaranna.“ Nánar er rætt við Nyegaard á íþróttavef Vísis. - esá

## Trúum að við getum unnið Frakka

**HANDBOLTI** Arnór Atlason segir að innan íslenska landsliðshópsins ríki full trú á því að sigur geti unnist gegn sterku liði Frakklands á HM í handbolta.

Frakkar eru ríkjandi Evrópumeistarar og hafa unnið báða leiki sína á HM til þessa. Okkar menn töpuðu hins vegar illa í fyrsta leik á föstudaginn er þeir steinlágu gegn Svíum en svöruðu fyrir sig gegn Alsír í gær.

„Frakkar telja sig auðvitað geta unnið hvaða lið sem er enda eru þeir frábærir á alla kanta,“ segir Arnór Atlason sem spilar með franska liðinu St. Raphael.

„Við höfum oft mætt þeim í gegnum tíðina og það hefur gengið misjafnlega. Til þess að eiga möguleika nú þarf allt að ganga upp hjá okkur.“

Arnór segir að strákarnir séu komnir með sjálfstraustið í lag eftir skellinn gegn Svíum. „Við höfum unnið þá af og til og höfum fulla trú á að það takist. Það er betra að mæta þeim núna en seinna í keppninni og getur verið að þeir séu ekki komnir almennilega í gang. Við þurfum að hafa trú á verkefninu og hún er svo sannarlega til staðar.“ - esá



**ÆI!** Patrekur þurfti að sætta sig við eitt stig gegn Túnis. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK

HM Í HANDBOLTA Katar 2015

## ÚRSLIT

### A-RIÐILL

| | |
|---|---|
| **Spánn - Síle** | **37-16** (14-7) |
| **Hvíta-Rússl. - Brasilía** | **29-34** (12-16) |
| **Slóvenía - Katar** | **29-31** (15-18) |

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Spánn | 3 | 0 | 0 | 104-76 | **6** |
| Katar | 3 | 0 | 0 | 86-72 | **6** |
| Slóvenía | 2 | 0 | 1 | 99-83 | **4** |
| Brasilía | 1 | 0 | 2 | 84-86 | **2** |
| H-Rússland | 0 | 0 | 3 | 91-106 | **0** |
| Síle | 0 | 0 | 3 | 59-100 | **0** |

### B-RIÐILL

| | |
|---|---|
| **Bosnía - Makedónía** | **22-25** (11-13) |
| **Króatía - Íran** | **41-22** (19-13) |
| **Austurríki - Túnis** | **25-25** (14-15) |

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Króatía | 3 | 0 | 0 | 101-77 | **6** |
| Makedónía | 3 | 0 | 0 | 91-78 | **6** |
| Austurríki | 1 | 1 | 1 | 78-78 | **3** |
| Bosnía | 1 | 0 | 2 | 73-73 | **2** |
| Túnis | 0 | 1 | 2 | 75-86 | **1** |
| Íran | 0 | 0 | 3 | 78-104 | **0** |

## LEIKIR DAGSINS

| | | |
|---|---|---|
| **C: Tékkland - Egyptaland** | kl. 16:00 | SPORT 2 |
| **C: Ísland - Frakkland** | kl. 18:00 | RÚV |
| **C: Svíþjóð - Alsír** | kl. 18:00 | |
| **D: Argentína - S-Arabía** | kl. 16:00 | |
| **D: Pólland - Rússland** | kl. 16:00 | RÚV |
| **D: Danmörk - Þýskaland** | kl. 18:00 | SPORT 2 |



**ÆI!** Patrekur þurfti að sætta sig við eitt stig gegn Túnis. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK

**visir.is**

Meira um leiki gærkvöldsins

# Gaman að geta strítt Gumma

Það verður stór stund í sögu íslensks handbolta þegar tvö af stærstu handboltaveldum heims, Þýskaland og Danmörk, mætast á Heimsmeistaramótinu í handbolta í Katar í kvöld. Bæði lið eru þjálfuð af Íslendingum.



**Eiríkur Stefán Ásgeirsson í Katar**
eirikur@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Þó svo að sjaldan hafi verið fleiri fulltrúar íslenskra fjölmiðla á stórmóti í handbolta fölnar það í samanburði við þann gríðarlega fjölda fjölmiðlafólks frá Þýskalandi og Danmörku sem hér eru til að fjalla um sín lið á HM í handbolta.

Til marks um það voru landsliðsþjálfararnir Guðmundur Guðmundsson (Danmörku) og Dagur Sigurðsson (Þýskalandi) í viðtölum við tugi fjölmiðla eftir blaðamannafundi sína á Hilton-hótelinu í Doha á fjölda tungumála – þýsku, dönsku, ensku og vitanlega íslensku.

„Þetta verður sérstök stund fyrir mig,“ sagði Guðmundur við dönsku pressuna á sínum blaðamannafundi. „Ég hef þjálfað marga leikmenn í liði Þjóðverja og þjálfarann þeirra líka,“ sagði hann og uppskar hann hlátur viðstaddra en Dagur var landsliðsfyrirliði þegar Guðmundur þjálfaði íslenska liðið í fyrra skiptið á sínum ferli.

Óhætt er að fullyrða að þetta verður risastór stund í sögu íslensks handbolta og íslenskra íþrótta. Danmörk og Þýskaland eru risaveldi í handboltanum á alþjóðavettvangi og þjálfararnir höfðu báðir orð á því hversu skemmtilegt þetta væri.

### Ákveðinn sirkus í kringum þetta

„Það er mjög skrýtið að tveir íslenskir þjálfarar skuli mætast með tvær svona þjóðir. Eins og þú sérð þá er ákveðinn sirkus í kringum það,“ sagði Dagur við Fréttablaðið í miðri mannmergð blaðamanna á Hilton-hótelinu í gær.



**LOGNIÐ Á UNDAN STORMINUM** Guðmundur Guðmundsson og Dagur Sigurðsson mætast með stórlið Danmerkur og Þýskalands í Katar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK

Guðmundur sakaði Dag um sálfræðihernað þegar sá síðarnefndi lét hafa eftir sér að Danir væru með sterkari leikmenn í öllum stöðum vallarins.

„Ég hlusta nú ekki á svona lagað. Ummælin dæma sig sjálf,“ sagði Guðmundur við íslenska fjölmiðla og brosti.

„Þetta er ekkert sálfræðistríð,“ sagði Dagur þegar þetta var hermt upp á hann. „Honum finnst óþægilegt þegar hinn aðilinn setur sig í hlutverk lítilmagnans og ég geri það bara til að stríða honum. En ef Danir vilja gefa okkur helmingsmöguleika á sigri þá tek ég því alveg.“

Guðmundur segir að góð byrjun Þýskalands á HM í handbolta sýni hvað það búi mikið í liðinu. Danir hafa hins vegar mætt veikari andstæðingum og hikstuðu óvænt í fyrsta leik gegn Argentínu.

„Það er ekkert endilega betra að byrja svona mót á leikjum gegn slakari liðunum. Okkur finnst að þetta sé loksins að byrja af fullri alvöru og við erum því fullir tilhlökkunar. Það er góð tilfinning,“ segir Guðmundur.

### Snýst ekki um þjálfarana

Dagur og Guðmundur hafa margoft mæst áður sem þjálfarar. Einna fyrst í afar eftirminnilegum leik á EM 2010 þar sem Austurríki vann upp þriggja marka forystu Íslands á síðustu 55 sekúndum leiksins í riðlakeppni mótsins.

Bæði lið náðu frábærum árangri á mótinu – Ísland undir stjórn Guðmundar vann brons og Austurríki, sem var að spila á sínu fyrsta stórmóti í næstum tvo áratugi, varð í níunda sæti.

„Það var mjög sérstakur leikur. Þá vorum við í austurríska liðinu á heimavelli og allt í kringum það var mjög sérstakt og skemmtilegt,“ rifjar Dagur upp en þeir mættust einnig oft sem þjálfarar þýsku úrvalsdeildarliðanna Rhein-Neckar Löwen og Füchse Berlin.

Guðmundur viðurkennir að fyrri viðureignir hans gegn Degi hafi sitt að segja. „Það gæti haft áhrif hversu vel við þekkjumst. Ég játa að maður hefur kíkt á gamla leiki og skoðað hvað hann gerði okkur og hvernig,“ segir hann.

„Það er kannski rómantískt að segja að þetta snúist bara um okkur þjálfarana,“ bætir Dagur við. „En líklegast mun leikurinn klárast bara inni á vellinum, frekar en að þjálfarnir muni hafa meiriháttar áhrif á útkomuna.“

**Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun!**

Fjarnám 1. 2. og 3. stigs ÍSÍ í þjálfaramenntun hefst í byrjun feb. nk. Námið gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar! Skráning á namskeid@isi.is eða í síma 514-4000. Nánari uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is

Sjá einnig á **www.isi.is**

**ÚTSALA**

**ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR**

**SJÓNVÖRP - ALLAR STÆRÐIR - FRÁBÆR VERÐ**

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 SÍMI 568 9090 • www.sm.is

# Einfaldara að mæta Frökkum

Alexander Petersson segir að Aron Pálmarsson geri alla betri í kringum sig.

**HANDBOLTA** „Það er enginn stressaður fyrir þennan leik og það er betra að mæta Frakklandi en liðum eins og Alsír og Egyptalandi. Við höfum spilað svo oft gegn Frökkum – það er bara einfaldara.“

Þetta segir skyttan Alexander Petersson sem átti betri dag gegn Alsír í fyrradag en gegn Svíum í fyrsta leik Íslands á HM í Katar. Slíkt var reyndar tilfellið með fleiri úr hópi íslenska liðsins.

„Þetta kom hægt og rólega eftir erfiðar fyrstu tíu mínútur,“ sagði Alexander við Fréttablaðið og vísaði þar til þess að Alsír komst 6-0 yfir gegn Íslandi.

„En nú erum við komnir inn í þetta mót. Ég vona að við séum búnir að brjóta ísinn.“

Hann segir að samspil sitt við Aron Pálmarsson hafi gengið betur. „Það er mjög létt að spila með Aroni og hann gerir mjög mikið fyrir alla samherja sína. En einhverra hluta vegna gekk það ekki eftir gegn Svíum og var það afar skrýtið.“

Leikur Íslands gegn Frakklandi skiptir gríðarlega miklu máli fyrir okkar menn ætli þeir sér að ná öðru af tveimur efstu sætum þessa erfiða C-riðils.

„Aðalmálið er að við förum ekki stressaðir inn í leikinn. Við megum ekki hugsa um hvað gerðist í hinum leikjunum eða hversu illa við byrjuðum í þeim. Við þurfum að halda rónni og láta boltann ganga vel í sókninni. Það verður afar mikilvægt.“

Og samspilið við Aron gekk betur gegn Alsír og hann ætlar að byggja áfram á því. „Okkur gekk vel að búa til færi, gefa góðar sendingar og fylgja því eftir sem við vildum gera. Það losaði aðeins stressið í manni.“ - esá



**FANN LOKSINS TAKTINN** Alexander Petersson endaði Alsír-leikinn vel. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK



# > Vel sjóaðir reynsluboltar

Þeir ná lengst sem sækja fram með samstilltum hætti og fylgja sendingum eftir alla leið. Samskip eru stoltur bakhjarl íslenska handboltalandsliðsins.

Áfram Ísland!

SAMSKIP

Saman náum við árangri

www.samskip.is

ENNEMM / SÍA / NM65290

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 18.54
### Ísland í dag

Umsjónarmenn fara yfir helstu tíðindi dagsins úr pólitíkinni, menningunni og mannlífinu. Ítarlegur íþróttapakki og veðurfréttir.



## Í KVÖLD



### Modern Family

**GULLSTÖÐIN KL. 19.10** Þriðja þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.



### Pretty Little Liars

**STÖÐ 3 KL. 21.00** Fimmta röðin af þessum dramatísku þáttum um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að varðveita skelfilegt leyndarmál.



### You've Got Mail

**BÍÓSTÖÐIN KL. 18.25** Joe Fox opnar útibú frá risavaxinni bókabúðakeðju hinum megin við götuna frá Kathleen Kelly sem á litla barnabókabúð. Í kjölfarið upphefst hatrömm samkeppni á milli þeirra. Á sama tíma eru þau bæði að kanna stefnumótaheiminn á spjallsíðu á netinu og verða óvart ástfangin.

## FM957 kl. 07.00
### Morgunþáttur FM957

Ósk Gunnars og Sverrir Bergmann með topptónlist á FM957.




Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

EIGNAMIÐLUN

Frá 1957 Sala fasteigna í 58 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Freyjubrunnur 26 - 113 Rvk.**




Vandað 216,7 fm raðhús með innbyggðum bílskúr. Húsið er tvílyft og með fallegu útsýni. Á neðri hæðinni er forstofa, baðherbergi, fataherb., samliggjandi eldhús og stofa auk innbyggðs bílskúrs sem er í dag nýttur sem íbúðarrými. Á efri hæðinni er gangur, sjónvarpsherbergi, 4 svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Út af hjónaherberginu eru svalir til suðurs en einnig eru svalir til norðurs út af ganginum. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 20. janúar milli kl. 17:00 – 17:30.** **V. 55,9 m.** 8312

**Bergstaðastræti 86, 101 Rvk.**



Húsið er samtals 286,8 fm að stærð þar af er bílskúr skráður 22 fm. Húsið er tvær hæðir og kjallari og er upprunalegt að miklu leyti það er steinað og með harðviðar gluggum. Í kjallara er tveggja herbergja búð, þvottahús og geymslu. Á aðalhæð eru tvær stofur, eldhús, herbergi og snyrting. Á efri hæð eru 3-4 herbergi og bað. Frábær staðsetning. Húsið er laust nú þegar. Sölumenn sýna. **V. 88,9 m.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík



Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**





## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Wonder Years
**08.30** Gossip Girl
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** The Middle
**10.40** Anger Management
**11.05** Flipping Out
**11.50** Covert Affairs
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Crimson Field
**13.55** American Idol
**16.00** Scooby-Doo! Leynifélagið
**16.25** Undateable
**16.50** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful.
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** The Crazy Ones
**19.40** 2 Broke Girls
**20.05** Modern Family
**20.25** The Big Bang Theory
**20.50** Gotham
**21.35** Stalker
**22.20** Daily Show: Global Edition
**22.45** Weeds
**23.15** A to Z
**23.40** Olive Kitteridge
**00.35** Forever
**01.25** Bones
**02.10** Getting On
**02.40** Game of Thrones
**03.35** Frozen
**05.05** Modern Family
**05.25** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.00** HM-þáttur
**07.30** Þýskaland - Rússland
**08.50** Austurríki - Túnis
**10.10** Deportivo - Barcelona
**11.50** Spánn - Síle
**13.10** Slóvenía - Katar
**14.30** Ísland - Alsír
**15.50** Tékkland - Egyptaland BEINT
**17.20** Spænsku mörkin 2014/2015
**17.50** Danmörk - Þýskaland BEINT
**19.40** Liverpool - Chelsea BEINT
**21.40** Danmörk - Þýskaland
**23.00** Ísland - Frakkland
**00.20** HM-þáttur
**00.50** Tékkland - Egyptaland

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** Everton - WBA
**08.40** Messan
**12.45** Premier League World
**13.15** Tottenham - Sunderland
**14.55** Football League Show
**15.25** Newcastle - Southampton
**17.05** Messan
**18.20** Everton - WBA
**20.00** Premier League Review
**20.55** West Ham - Hull
**22.35** Leicester - Stoke

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** 433 **21.30** Gönguferðir

## STÖÐ 3

**17.45** Save with Jamie
**18.35** Baby Daddy
**19.00** Wipeout
**19.45** My Boys
**20.10** One Born Every Minute UK
**21.00** Pretty Little Liars
**21.40** Southland
**22.25** The Gates
**23.10** Sleepy Hollow
**23.50** Wipeout
**00.35** My Boys
**00.55** One Born Every Minute UK
**01.45** Pretty Little Liars
**02.25** Southland
**03.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Elías **08.55** UKI **09.00** Brunabílarnir **09.22** Latibær **09.47** Ævintýraferðin **10.00** Strumparnir **10.25** Kalli á þakinu **10.47** Tommi og Jenni **10.53** Tommi og Jenni **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Elías **12.55** UKI **13.00** Brunabílarnir **13.22** Latibær **13.44** Ævintýraferðin **14.00** Strumparnir **14.25** Kalli á þakinu **14.47** Tommi og Jenni **14.53** Tommi og Jenni **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Elías **16.55** UKI **17.00** Brunabílarnir **17.22** Latibær **17.44** Ævintýraferðin **18.00** Strumparnir **18.25** Kalli á þakinu **18.47** Tommi og Jenni **18.53** Tommi og Jenni **19.00** Space Chimps 2 **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.55** Strákarnir
**18.20** Friends
**18.45 Mom** Frábær gamanþáttaröð um einstæða móður, Christy, sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról.
**19.10** Modern Family
**19.35** Two and a Half Men
**19.55** Veggfóður
**20.40** Lífsstíll
**21.00** The Following
**21.45** The Blacklist
**22.25 Grimm** Spennandi þáttaröð þar sem persónur úr ævintýrum Grimmbræðra hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning.
**23.10** Chuck
**23.55** Cold Case
**00.35** Veggfóður
**01.20** Lífsstíll
**01.40** The Following
**02.20** The Blacklist
**03.05** Grimm
**03.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.10** To Rome with Love
**13.00** You've Got Mail
**15.00** Rumor Has It
**16.35** To Rome With Love
**18.25** You've Got Mail
**20.25** Rumor Has It
**22.00** Me, Myself and Irene
**23.55** Lockout
**01.30** Abraham Lincoln: Vampire Hunter
**03.15** Me, Myself and Irene

## RÚV

**14.55** Herstöðvarlíf
**15.40** Táknmálsfréttir
**15.50 HM í handbolta karla** Bein útsending frá leik Póllands og Rússlands á heimsmeistaramótinu í handbolta í Katar.
**17.30** HM-stofan
**17.50 HM í handbolta karla** Bein útsending frá leik Íslands og Frakklands á heimsmeistaramótinu í handbolta í Katar.
**20.00** Fréttir
**20.20** Íþróttir
**20.30** Veðurfréttir
**20.40** Castle
**21.25 Hið ósagða – Saga Diu** Danskur heimildarþáttur um stúlkuna Diu sem stendur á tímamótum. Til stendur að fara í kynleiðréttingu á Taílandi, en fyrst horfist Dia í augu við íslenska fortíð sína og leitar sátta og samþykkis fjölskyldu sinnar.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** HM-stofan
**22.40 Fallið** Sálfræðitryllir um raðmorðingja sem situr um fórnarlömb sín í nágrenni Belfast og lögreglukonu sem fengin er til að ná honum.
**23.40** Víkingarnir
**00.25** Fréttir
**00.40** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.30 Cheers** Endursýningar frá upphafi á þessum vinsælu þáttum um kráareigandann og fyrrverandi hafnaboltahetjuna Sam Malone, skrautlegt starfsfólkið og barflugurnar sem þangað sækja.
**14.55** Hotel Hell
**15.45** An Idiot Abroad
**16.30** Svali & Svavar
**17.05** Survivor
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** Trophy Wife
**20.15** Jane the Virgin
**21.00** The Good Wife
**21.45 Elementary** Sherlock Holmes og Dr. Watson leysa flókin sakamál í New York-borg nútímans.
**22.30** The Tonight Show
**23.15 Madam Secretary** Téa Leoni leikur Elizabeth McCord, fyrrverandi starfsmann leyniþjónustunnar og háskólaprófessor, sem verður óvænt og fyrirvaralaust skipuð utanríkisráðherra Bandaríkjanna.
**00.00** Blue Bloods
**00.45** The Good Wife
**01.30** Elementary
**02.15** The Tonight Show
**03.05** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** European Tour 2015
**11.00** PGA Tour 2015
**14.30** European Tour 2015
**18.30** PGA Tour 2015 - Highlights
**19.25** PGA Tour 2015
**22.55** PGA Tour 2015 - Highlighs
**23.50** Golfing World 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# TOPPBÍLAR

## TILBOÐSDAGAR

**mikið úrval af nýlegum bílum á vetrardekkjum**




**TOYOTA** LC 120 gx. Árg. 2008.
Ekinn 139.000 km. dísel, sjálfskiptur, heilsársdekk.
Verð 4.990.000 kr. **TILBOÐ 4.290.000 kr.** Rnr.336846.




**FORD** Mondeo trend. Árg. 2011.
Ekinn 77.000 km. dísel, 6 gírar.
Verð 2.990.000 kr. **TILBOÐ 2.190.000 kr.**
Heilsársdekk Rnr.372469.




**CHEVROLET** Captiva. Árg. 2007.
Ekinn 139.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 2.490.000 kr. **TILBOÐ 2.190.000 kr.**
Nagladekk. Rnr.372462.




**SUZUKI** Sx4 glx. Árg. 2012.
kinn 47.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.890.000 kr. **TILBOÐ 2.490.000 kr.**
Heilsársdekk Rnr.372448.




**HYUNDAI** Tucson 4x4. Árg. 2006.
Ekinn 216.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 890.000 kr. **TILBOÐ 749.000 kr.**
Heilsársdekk Rnr.372396.




**HYUNDAI** Ix35 gls. Árg. 2012.
Ekinn 45.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.890.000 kr. **TILBOÐ 3.490.000 kr.**
Heilsársdekk Rnr.372307.




**VOLVO** S60. Árg. 2004.
Ekinn 110.000 km bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.590.000 kr. **TILBOÐ 1.290.000 kr.**
Vetrardekk Rnr.372291.




**DODGE** Ram 1500 hemi. Árg. 2007.
Ekinn 100.000 km. bensín, sjálfskiptur, heilsársdekk.
Verð 2.990.000 kr. **TILBOÐ 2.490.000 kr.** Rnr.337187.




**SUZUKI** Sx4 glx. Árg. 2012.
Ekinn 46.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 2.790.000 kr. **TILBOÐ 2.390.000 kr.**
Heilsársdekk Rnr.372080.




**VW** Golf trendline. Árg. 2010.
Ekinn 71.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.190.000 kr. **TILBOÐ 1.890.000 kr.**
Heilsársdekk Rnr.337234.




**TOYOTA** Prius. Árg. 2008.
Ekinn 69.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.990.000 kr. **TILBOÐ 1.690.000 kr.**
Heilsársdekk Rnr.372248.




**TOYOTA** Yaris terra. Árg. 2011.
Ekinn 58.000 km. bensín, 5 gírar,
Verð 1.790.000 kr. **TILBOÐ 1.590.000 kr.**
Heilsársdekk Rnr.336589.




**HYUNDAI** Tucson 4x4. Árg. 2007.
Ekinn 125.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.290.000 kr. **TILBOÐ 1.150.000 kr.**
Heilsársdekk Rnr.337140.




**VW** Golf trendline. Árg. 2007.
Ekinn 106.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 1.390.000 kr. **TILBOÐ 990.000 kr.**
Heilsársdekk Rnr.337131.



Tobías Sveinbjörnsson
Beinn sími: 587 2050



Agnar Þórisson
Beinn sími: 587 2054



Hafsteinn Vilbergsson
Beinn sími: 587 2051

ergo

**Afgreiðslutími: mán - fös 10 - 18 og lau 12 - 16**

**TOPPBÍLAR** **Klettháls 2 / 110 Reykjavík / Sími: 587 2000 / www.toppbilar.is**

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur

## DRYKKURINN



**„Gamla góða kókið bregst aldrei.“**

Bragi Þór Jósefsson, ljósmyndari.

# Hagfræðingur skrifar kvikmyndahandrit

Sóley Ómarsdóttir kláraði kvikmyndahandrit eftir námskeið í leikritun. Leiklestur verður sviðsettur í kvöld.

„Ég hef lengi ætlað að reyna að skrifa og koma mér meira í það, bæði leikrit, skáldsögur og eitthvað svoleiðis. Þetta er fyrsta verkið sem ég klára,“ segir Sóley Ómarsdóttir hagfræðingur.

Á haustmánuðum skráði hún sig á leikritunarnámskeið í Tjarnarbíói. Afraksturinn er kvikmyndahandritið Útgöngubann og verður sviðsettur leiklestur á verkinu fluttur í kvöld.

Sóley lagði lokahönd á verkið á námskeiðinu en hafði unnið í því í tvö ár. „En ég er náttúrulega ekki búin að vera að vinna í því stanslaust,“ segir hún hlæjandi.

Útgöngubann fjallar um íslenska fjölskyldu sem neyðist til þess að loka sig af vegna fuglaflensufaraldurs. „Fjölskyldufaðirinn tekur hlutverk sitt svo alvarlega að fjölskyldan veit ekki hvort er meira vandamál, faraldurinn eða hann,“ segir Sóley.

„Mig langaði að skoða hvað myndi gerast ef íslensk fjölskylda myndi þurfa að loka sig af. Skoða vandamál sem myndu koma upp og hvernig yrði brugðist við.“

Sóley vinnur hjá rannsóknarmiðstöð sem er með aðsetur í Malasíu. Handritaskrif eru ólík því sem hún fæst við dagsdaglega en hún er engu að síður spennt fyrir að heyra verkið lesið af leikurum. „Ég er alveg pínu stressuð en ég held að þetta verði bara gaman.“

Næstkomandi tvo þriðjudaga verða lesin handrit af leikritunarnámskeiðinu. Leiklestur á Útgöngubanni hefst klukkan hálf níu í Tjarnarbíó í kvöld.

- gló



**SÓLEY** Skrifaði kvikmyndahandrit sem fjallar um íslenska fjölskyldu sem lokar sig af vegna fuglaflensu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


# iPhone 6 & iPhone 6 Plus



iSíminn

Skipholti 21




MYND/ARNAR ÞÓRISSON

**HACKETT OG HILMAR ÖRN** Vel fór á með Hilmari Erni og fyrrverandi gítarleikara Genesis um síðustu helgi.

# Hackett heimsótti allsherjargoðann

Steve Hackett, fyrrverandi gítarleikari Genesis, kíkti í heimsókn til Hilmars Arnar Hilmarssonar allsherjargoða þegar hann var staddur hér á landi.

„Það er oft sem maður verður fyrir sárum vonbrigðum þegar maður hittir gamlar hetjur en það átti ekki við þarna,“ segir Hilmar Örn Hilmarsson, allsherjargoði og tónlistarmaður.

Steve Hackett, sem spilaði með Todmobile á tvennum tónleikum um síðustu helgi, nýtti tækifærið og heimsótti Hilmar Örn er hann var staddur hér á landi. Hackett er fyrrverandi gítarleikari bresku hljómsveitarinnar Genesis, sem var vígð inn í Frægðarhöll rokksins árið 2010.

„Hann og Jo, konan hans, eru mikið áhugafólk um andleg málefni. Fyrsta sólóplatan hans var einmitt byggð á tarot-spilunum, þannig að þau hafa gert sér far um að skoða helga staði hingað og þangað um heiminn. Maður getur kallað þetta andlega túrista,“ segir Hilmar Örn, sem hafði mjög gaman af heimsókninni. „Þetta er ákaflega skemmtilegt og vel upplýst fólk. Þau skoðuðu teikningar af hofinu og svo fórum við út að borða og ræddum heima og geima,“ segir hann og á við hof ásatrúarmanna. Stefnan er á að bygging þess hefjist í febrúar eða mars í Öskjuhlíð, rétt fyrir austan Nauthól.

Spurður út í trúarbrögð Hacketts og konu hans segir Hilmar Örn að Jo sé vel að sér í heiðinni grískri trú á meðan Hackett hefur lengi verið áhugamaður um vestræna trúarmenningu. „Fyrsta sólóplatan hans tekur tarot-spilin og táknfræði þeirra fyrir. Ég var einmitt að hlusta á plötu hjá honum sem er að koma út núna í mars sem er öll byggð upp í kringum forn trúar- og iðkunarkerfi,“ segir hann.

Hilmar Örn hefur lengi verið mikill aðdáandi gítarleikarans. Í byrjun níunda áratugarins þegar Hilmar var að vinna að útgáfu hljómsveitarinnar Þeys í Bretlandi hitti hann hljómborðsleikara sem starfaði með Hackett. „Þá var hann hættur í Genesis og var að byrja með sitt sólódæmi. Ég varð ágætis kunningi hans [hljómborðsleikarans], þannig að ég hef alltaf fylgst með honum leynt og ljóst.“

freyr@frettabladid.is

## Plant var stórhrifinn af blótinu

Að sögn Hilmars Arnar hafa erlendar popp- og rokkstjörnur sem hafa haldið tónleika á Íslandi heimsótt hann af og til. „Ég er með gamalt tengslanet frá því ég var að vinna í Bretlandi þannig að maður tengist ansi mörgum. Í gegnum árum hafa menn gjarnan leitað mig uppi. Robert Plant kom á blót hjá okkur á sumardaginn fyrsta [árið 2005] og var stórhrifinn. Hann hefur tekið þetta mjög alvarlega eins og Led Zeppelin III [þriðja plata Led Zeppelin] sýnir. Hann hefur sökkt sér í Tolkien og keltneska goðafræði og er meðlimur í fjölmörgum sögufélögum í Wales þar sem hann býr. Þar skarast líka vinahópur. Hann hefur unnið með fólki sem ég hef unnið með.“

# Eldbarnið æft við upphaf eldgoss

Möguleikhúsið fagnar tuttugu og fimm ára afmæli og stefnir á veglega dagskrá.

„Svo gerist það þegar við erum að æfa að það byrjar að gjósa norðan Vatnajökuls,“ segir Pétur Eggerz, leikari og handritshöfundur barnaleikritsins Eldbarnið sem Möguleikhúsið setur upp í febrúar. Hann bætir við: „Góð áminning um það hvað við erum að fjalla um í þessu leikriti hvernig þetta land er sem við búum í. Hvað fólk hefur þurft að fást við.“

Eldbarnið fjallar um unga stúlku sem er uppi á tímum Skaftárelda og Móðuharðinda. Hún lendir í kjölfar hamfaranna í ævintýralegum aðstæðum. Pétur segir umfjöllunarefnið því hafa öðlast nýtt vægi við upphaf eldgossins í Holuhrauni. Möguleikhúsið fagnar 25 ára afmæli á árinu og stefnir á að bjóða upp á veglega afmælisdagskrá, en leikhúsið leggur áherslu á leiksýningar fyrir börn og unglinga.

Fjáröflun fyrir sýninguna er hafin á vefsíðunni Karolinafund og hægt er að styrkja sýninguna frá fimmtán hundruð krónum og allt upp í fimmtán milljónir. „Ef einhver stórhuga fjárfestir hefur áhuga þá er hægt að fá þessa sýningu fyrir alla skóla á landinu. Maður má alltaf vera bjartsýnn,“ segir Pétur kátur. Eldbarnið verður frumsýnt 7. febrúar í Tjarnarbíói, en sýningin er einnig hugsuð sem ferðasýning fyrir grunnskóla landsins.

- gló



**MÖGULEIKHÚSIÐ** Hópurinn er nú við æfingar á leiksýningunni Eldbarnið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**25** Möguleikhúsið fagnar 25 ára afmæli á árinu.


Áfram Ísland
Njóttu handboltaveislunnar
í Katar með HM-fötu KFC.
25 Hot Wings ásamt Hot Sauce á aðeins
2.699 kr. frá 15. janúar til 1. febrúar.
25
Hot Wings
2.699
kr.
hm
fata
KFC
KFC
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Konur sækja í sig veðrið

Af þeim þremur kvikmyndum sem hafa fengið vilyrði fyrir framleiðslustyrk hjá Kvikmyndasjóði Íslands fyrir næsta ár eru tvær eftir konur. Þær Ása Helga Hjörleifsdóttir og **Ísold Uggadóttir** eru báðar að undirbúa sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd, sem heita Svanurinn og Andið eðlilega. Þótt engir lausir peningar séu til hjá Kvikmyndasjóði í viðamikil verkefni, eins og kom fram í Fréttablaðinu gær, þá hlýtur að teljast ánægjulegt að konur skuli eiga tvær af þessum þremur myndum. Sérstaklega í ljósi þeirrar gagnrýni sem hefur verið vegna bágrar stöðu kvenna í íslenskri kvikmyndagerð. **- fb**



### Tvíliðaleikur á Gautaborgarhátíðinni

Tvíliðaleikur, stuttmynd eftir **Nönnu Kristínu Magnúsdóttur**, hefur verið valin til sýninga á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg sem fram fer 23. janúar til 2. febrúar næstkomandi. Nanna Kristín leikstýrir myndinni, skrifar handritið og framleiðir hana. Með aðalhlutverk fara þau Guðrún Gísladóttir, Svandís Dóra Einarsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Margrét Helga Jóhannsdóttir og Jóhann Sigurðarson. Myndin hefur áður verið sýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto og á RIFF síðastliðið haust. Vonarstræti tekur einnig þátt í hátíðinni svo og París norðursins. **- vh**



## Mest lesið Vísir

1. Djammaði með bróður Kate Middleton: „Hann var aðeins að klípa í rassinn á mér“
2. „Sveitarstjórn Ásahrepps er ekki bankastofnun fyrir blanka starfsmenn“
3. Fyrrverandi ráðherra rekinn vegna fjárdráttar í Ásahreppi
4. Segir ljósastaura við Reykjanesbraut lífshættulega





